



Síminn hf.

## Grunnlýsing

### Vegna 2.000.000.000 króna útgáfuramma

Síminn hf., kt 460207-0880, Ármúla 25, Reykjavík (hér eftir „Útgefandi“ og „Síminn“) mun gefa út víxla samkvæmt þessum 2.000.000.000 króna útgáfuramma (hér eftir „útgáfuramminn“).

Víxlarnir sem gefnir verða út undir útgáfurammanum verða gefnir út með rafrænum hætti hjá þeirri verðbréfamiðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum. Samanlagt nafnverð allra útgefinna og útstandandi víxla sem gefnir verða út undir útgáfurammanum verður ekki umfram 2.000.000.000 króna nema tilkynnt verði um breytingu á stærð útgáfurammans.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsveg 1, 101 Reykjavík (hér eftir einnig „Fjármálaeftirlitið“), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, hefur staðfest þessa grunnlýsingu, sem dagsett er 2. júní 2021 (hér eftir „grunnlýsingin“). Fjármálaeftirlitið staðfestir grunnlýsinguna einungis í þeim skilningi að hún uppfylli kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæmt því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á grunnlýsingunni sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum þeirra skuldaskjala sem gefin eru út í samræmi við hana. Fjárfestum ber að leggja sjálfstætt mat á hvort þeim henti að fjárfesta í víxlunum út frá endanlegum skilmálum skuldaskjalanna og grunnlýsingunni. Grunnlýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja þeim víxum sem gefnir verða út undir útgáfurammanum.

Grunnlýsingin varðar víxla sem gefnir verða út í samræmi við útgáfurammann og sótt verður um að tekin verða til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og hann er skilgreindur í lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og lögum nr. 110/2007, um kauphallir (hér eftir „lög um kauphallir“). Útgefandi kann að óska eftir því að nýir flokkar víxla sem gefnir verða út undir útgáfurammanum verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, í skilningi laga um kauphallir, innan tólf mánaða frá dagsetningu grunnlýsingarinnar. Útgefandi kann að gefa út flocka víxla undir útgáfurammanum sem ekki verður sótt um að teknir verða til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Fjárfesting í víxum sem gefnir eru út undir útgáfurammanum fela í sér áhættu. Fjárfestum er bent á að kynna sér grunnlýsinguna í heild sinni og sérstaklega umfjöllun um áhettuþætti í grunnlýsingunni, sem getur átt við um fjárfestingu þeirra í víxum sem gefnir verða út undir útgáfurammanum.

Upplýsingar um nafnverð, vexti, útgáfuverð og aðra skilmála sem eiga við um hvern útgáfuhruta flokks víxla (eins og hann er skilgreindur í skilmálum víxlanna), og ekki eru þekktar við útgáfu grunnlýsingarinnar, koma fram í endanlegum skilmálum víxlanna. Með útgáfu endanlegra skilmála fyrir hvern útgáfuhruta flokks víxla eru skilmálar víxla sem gefnir eru út undir útgáfurammanum fullkláraðir. Endanlegir skilmálar verða birtir á vefsíðu útgefanda <https://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar> og ef um er að reða endanlega skilmála vegna flokka víxla sem sótt verður um töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verða endanlegir skilmálar skráðir hjá Fjármálaeftirlitinu og afrit þeirra birt hjá viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.

Grunnlýsingunni skal ekki dreifa á nokkurn hátt, þ.m.t. senda í pósti til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða, annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða ef slík dreifing brýtur í bága við lög eða reglur viðkomandi landa. Grunnlýsingu þessari má m.a. ekki dreifa á nokkurn hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Útgefandi og umsjónaraðili eru ekki skaðabótaskyldir vegna dreifingar á grunnlýsingunni til þriðja aðila.

Útgefandi kann að gefa út víxla með skilmálum sem eru ekki í samræmi við þá skilmála sem lýst er í grunnlýsingunni. Í þeim tilvikum mun útgefandi gefa út viðauka við grunnlýsinguna þar sem fram koma skilmálar og skilyrði slíkrar útgáfu.

---

Grunnlýsing þessi er dagsett 2. júní 2021

*Umsjónaraðili*





*Grunnlýsing*

*2. júní 2021*

## Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir.....	2
1.1	Áhættuþættir víxlanna .....	2
1.1.1	Almenn áhætta tengd fjárfestingu í víxlum .....	2
1.1.2	Lagaumhverfi skráðra víxla á skipulegum verðbréfamarkaði og töku til viðskipta .....	3
1.1.3	Áhætta víxla .....	3
1.2	Áhættuþættir útgefanda .....	5
1.2.1	Áhætta tengd fjarskiptamarkaði og önnur rekstrarahætta Símans .....	5
1.2.2	Fjárhagsleg áhætta.....	10
1.2.3	Ytri áhættuþættir .....	12
2	Almenn lýsing á útgáfurammanum .....	15
2.1	Útgáfuramminn.....	15
2.2	Skráning.....	15
2.3	Framkvæmd útgáfu.....	15
2.4	Útgáfuáætlun .....	15
3	Skilmálar víxlanna .....	16
3.1	Skilgreind hugtök í tengslum við víxlana.....	20
4	Form endanlegra skilmála .....	21
5	Upplýsingar um útgefandann .....	25
5.1	Starfsemi og skipulag .....	25
5.1.1	Útgefandi.....	25
5.1.2	Lagaumhverfi .....	25
5.1.3	Meginstarfsemi.....	25
5.1.4	Ágrip af sögu.....	27
5.1.5	Skipulag samstæðu og skipurit.....	27
5.2	Stjórnarhættir, stjórn og stjórnendur .....	28
5.2.1	Stjórnarhættir.....	28
5.2.2	Stjórn og stjórnendur útgefanda .....	30
5.3	Hluthafar og hlutafé .....	33
5.3.1	Hluthafar .....	33
5.3.2	Hlutafé .....	33
5.4	Þróun og horfur .....	34
5.4.1	Þróun og horfur í rekstri á yfirstandandi ári .....	34
6	Tilkynning til fjárfesta.....	35
6.1	Skilgreiningar og tilvísanir .....	36
6.2	Gildistími og aðgengi að lýsingu .....	36
6.3	Gögn felld inn með tilvísun .....	37
6.4	Skjöl til sýnis .....	37
6.5	Ráðgjafar .....	37
6.6	Endurskoðendur útgefandans.....	37
6.7	Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda .....	38

# 1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþættir þeir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem Síminn hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík (einnig nefnt „útgefandi“ eða „móðurfélag“ í grunnlysingu þessari) er kunnugt um og telur að eigi sérstaklega við um útgefanda og dótturfélög útgefanda, eitt eða fleiri (einnig nefnd „Síminn“, „félagið“ eða „samstæðan“), og þá atvinnugrein sem það starfar innan og gætu haft áhrif á virði verðbréfa útgefnunum af útgefanda, þar á meðal víxla sem eru útgefnir samkvæmt ákvæðum útgáfurammans sem lýst er í grunnlysingu þessari (einnig „víxlarnir“).

Áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í víxum sem útgefandi gefur út samkvæmt útgáfuramma þeim sem lýst er í grunnlysingu þessari (einnig „útgáfuramminn“), er mikilvægt að fjárfestar leggi sjálfir mat á þá áhættu sem felst í að fjárfesta í víxlunum. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á víxlunum kunna að hafa og eru hvattir til að sækja sér tilheyrandi óháða ráðgjöf. Fjárfestar eru því hvattir til að kynna sér vel allar upplýsingar sem koma fram í grunnlysingu þessari og þá sérstaklega allar upplýsingar um þá áhættu- og óvissuhættu útgefanda og samstæðu hans, sem gætu haft veruleg áhrif á samstæðu útgefanda og fjárfestingar í víxum útgefnunum af útgefanda.

EKKI ER HÆGT MEÐ VÍSSU AÐ META LÍKUR ÞESS AÐ TILTEKINN ATBURÐUR EIGI SÉR STAÐ, ÁHRIF HANS EÐA HVORT HANN GETI HAFT KEÐJUVERKANDI ÁHRIF OG ORÐIÐ TIL ÞESS AÐ AÐRIR ATBURÐIR KOMI TIL SEM VALDIÐ GETA FÉLAGINU, VIÐSKIPTAMÖNNUM, LÁNDARROTNUM EÐA HLUTHÖFUM ÞESS TJÓNI. Hver og einn neðangreindra áhættuþáttu gæti ítrekað eða í einstökum tilvikum haft áhrif á rekstur og efnahag félagsins og þar með á verðmæti verðbréfa útgefnunum af félagini. EKKI ER HÆGT AÐ SEGJA TIL UM UMFAÐ EÐA TÍMAMÓRK SLÍKRA ÁHRIFA.

Pessi kafli, 1. *Áhættuþættir* inniheldur upplýsingar um áhættuþætti sem skipt er upp í áhættuþætti sem tengjast víxlunum, svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim, og áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefandann, samstæðu hans og atvinnugrein. Áhættuþættir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna að þeir raungerist, þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu áhættuþættir eru að mati útgefanda í hverjum flokki. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að aðrir þættir en þeir sem taldir eru upp á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um, geti haft áhrif á markaðsvirði víxlanna og/eða getu útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar.

## 1.1 Áhættuþættir víxlanna

### 1.1.1 Almenn áhættu tengd fjárfestingu í víxum

Fjárfesting í víxum felur í sér áhættu og þráttr fyrir að standa framar í röð kröfuhafa, en til að mynda eigendur hlutabréfa, geta eigendur víxla tapað verðmæti fjárfestingar sinnar í víxlunum, að heild eða hluta. Almennt efnahagsástand, pólitískur stöðuggleiki, vaxtaákværðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglum og aðrir ófyrirséðir atburðir eru meðal þeirra þáttu sem geta valdið verðbreytingum á víxum. Einnig má nefna áhættuþætti sem snúa að skilmálum og réttindum viðkomandi víxlaútgáfu, svo sem vanefndatilvikum og samspili við aðra lánveitendur útgefanda.

Fjárfesting í víxum felur einnig í sér markaðs-, seljanleika- og mótaðilaáhættu. Markaðsáhætta skapast af verðbreytingum á markaði í heild sinni sem rekja má til óvæntra atburða og breytinga á ytri skilyrðum sem hafa áhrif á rekstur fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild. Seljanleikaáhætta felst í því að eftirspurn eftir víxum útgefanda getur verið mismikil frá einum tíma til annars. Mótaðilaáhætta felst í því að við kaup eða sölu víxla eða gerð annarra samninga um fjármálagerminga er hugsanlegt að samningsaðili efni ekki samninginn þegar að uppgjöri kemur.

Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í víxum útgefnunum af útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfestingin muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þráttr fyrir að fjárfesting í víxum kunni að skila góðri ávöxtun almennt er sú hætta ávallt fyrir hendi að víxlar útgefnir af einstökum félögum reynist óarðbær. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarráðgjafar.

Fjármálamaður eru háðir því rekstrarumhverfi og lagaumhverfi sem opinber yfirvöld skapa. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármálamaður geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

## **1.1.2 Lagaumhverfi skráðra víxla á skipulegum verðbréfamarkaði og töku til viðskipta**

Um útgáfu víxlanna gilda íslensk lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007 og víxillög nr. 93/1933. Um víxlana gilda enn fremur lög um verðbréfamarkaði og töku til viðskipta.

Pá munu ákvæði verðbréfaviðskiptalaga nr. 108/2007 gilda m.a. um viðskipti með víxlana og skyldur útgefanda við og eftir töku víxlanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Um töku víxlanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, ásamt afleiddri lögjöf, sbr. ákvæði laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020. Grunnlysingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum samkvæmt viðaukum 7, 15 og 28 við fylgiskjal við framselta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980. Grunnlysingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum kauphallar um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (*Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga*), eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir.

Hlutabréf í útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og gilda því um útgefandann reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik auk reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, allt með áorðnum breytingum. Einnig lúta útgefandi og víxlar sem hann gefur út að *Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga* sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum, sem meðal annars fela í sér upplýsingaskyldu. Brot á þeim kunna m.a. að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna meðal annars að hafa það í för með sér að Nasdaq Iceland taki víxla útgefna af útgefanda úr viðskiptum um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og getur það haft þær afleiðingar að víxlar útgefni af honum falli í verði.

Þeir sem fjárfesta í víxum útgefnunum af útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfaviðskipti, svo sem reglur um viðskipti innherja vegna verðbréfa félaga sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Brot gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, geta varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur til sex árum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

## **1.1.3 Áhætta víxla**

### **1.1.3.1 Endurgreiðsluáhætta**

Útgefandi getur lent í þeiri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða víxlana á fyrir fram ákveðnum gjalddögum og fjármagnar það með tekjum sínum eða lántöku. Skuldbinding útgefanda er bein og óskilyrt og er hún ótryggð.

Stýring lausafjárhættu útgefanda og samstæðu hans felst meðal annars í því að að tryggja að nægilegt laust fé sé til staðar á hverjum tíma til að standa við allar skuldbindingar þess og að sem best jafnvægi sé á milli skuldbindinga og vænts sjóðstreymis. Útgefandi ber ábyrgð á því að eiga nægilegt laust fé til að greiða af víxlunum á gjalddögum þeirra.

Skilmálar víxlanna kveða á um að við framsal víxlanna frá einum víxilhafa til annars, þá skuli framseljandi í þeim viðskiptum teljast undanþiggja sig ábyrgð á greiðlu og samþykki þess víxils sem framseldur er og af þeim sökum verður kröfu víxilhafa um endurgreiðslu víxilsins einungis beint að útgefanda, en ekki að fyrri víxilhöfum.

### **1.1.3.2 Markaðsáhætta**

Hætta er á að verðmæti víxlanna rýrni vegna breytinga á mörkuðum. Mögulegt er að ávöxtunarkrafa markaðarins flökti almennt eða að flökt verði á verðlagningu ákveðins hluta markaðarins. Að sama skapi getur ávöxtunarkrafa til einstakra víxlaflokka sveiflast. Virði víxlanna getur lækkað ef almenn ávöxtunarkrafa á markaði hækkar að öllu öðru jöfnu og virði hækkað ef almenn ávöxtunarkrafa lækkar að öllu öðru jöfnu.

### **1.1.3.3 Vaxtaáhætta**

Fjárfestar sem kaupa víxla standa frammi fyrir þeirri áhættu að ávöxtun víxlanna sé lægri en ávöxtun sem býðst almennt á markaði. Markaðsvirði víxla lækka að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig geta fengið betri ávöxtun af annarri fjárfestingu. Markaðsvirði víxla hækkar að öllu öðru jöfnu ef fjárfestar telja sig fá lægri ávöxtun af annarri fjárfestingu.

### **1.1.3.4 Áhætta tengd óveðtryggðum víxlum**

Víxlarnir njóta ekki veðtrygginga og standa fjárfestar því frammi fyrir þeirri áhættu að kröfur þeirra á hendur útgefanda njóta ekki sérstakra trygginga í eignum útgefanda. Slíkar kröfur standa aftar veðtryggðum kröfum í veðrök komi til gjaldþrots eða slita.

### **1.1.3.5 Mótaðilaáhætta**

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna víxla sem gefnir eru út undir útgáfurammanum er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum víxlanna. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum víxlanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta. Til viðbótar við mat á áhættu útgefandans verða fjárfestar einnig að skoða skilmála viðkomandi víxilflokkus undir útgáfurammanum sem þeir hyggjast fjárfesta í.

### **1.1.3.6 Seljanleikaáhætta**

Sótt getur verið um töku víxlanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þó að víxlarnir verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með víxlana. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði og ekki fyrirhugað að samið verði um viðskiptavakt með víxlana en upplýsingar um slíkan samning yrðu tilgreindar í viðeigandi endanlegum skilmálum. Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, það er áhættan á að fjárfestum reynist ekki unnt að selja víxlana þegar vilji stendur til og á því verði sem væntingar standa til um. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að kaupendur eru ekki til staðar, en einnig að verulegur munur getur verið á kaup- og sölugengi og því náist ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

### **1.1.3.7 Uppgjörsáhætta**

Uppgjör vegna viðskipta með víxlanna fara fram í gegnum greiðslukerfi. Sú áhætta er til staðar, í tengslum við möguleg viðskipti með víxlana, að greiðsla í greiðslukerfi sé ekki gerð upp með þeim hætti sem vænst var sökum þess að mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki greiðslu á réttum tíma.

### **1.1.3.8 Gjalfellingarheimild**

Víxlarnir innihalda ekki samningsbundna gjalfellingarheimild á hendur útgefanda. Af þeim sökum er ekki víst að handhafar víxlanna geti lýst yfir gjalfellingu víxlanna og krafist greiðslu þeirra fyrir samningsbundinn gjalddaga, þó svo aðrir samningskröfuhafar útgefanda kunni að njóta slíkrar heimildar vegna krafna sinna.

### **1.1.3.9 Lagaleg áhætta**

Um víxlana gilda íslensk lög. Útgefandi getur ekki borið neina ábyrgð á lagabreytingum eða öðrum ákvörðunum stjórnvalda. Þau lög sem varða verðbréfaviðskipti og útgáfu víxla, m.a. lög um verðbréfaviðskipti, lög um tekjuskatt og eignaskatt, lög um stimpilgjald, lög um kauphallir og lög um rafræna útgáfu verðbréfa, kunna að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir rekstur útgefanda á líftíma víxlanna.

## 1.2 Áhættuþættir útgefanda

### 1.2.1 Áhætta tengd fjarskiptamarkaði og önnur rekstraráhætta Símans

#### 1.2.1.1 *Tölvukerfi og aðrir innviðir*

Í lögum og reglugerðum er lúta að fjarskiptamarkaði er gerð rík krafa til tæknibúnaðar og öryggisþáttu. Kröfur eru gerðar til fjarskiptafyrirtækja um að tryggja virkni og öryggi fjarskiptaneta svo og upplýsingakerfa sem þau styðjast við og tengast. Nota skal viðurkenndan búnað í fjarskiptanetum og þeir hlutar fjarskiptanets sem flokkast sem mikilvægir innviðir skulu hafa forgang um rekstraröryggi. Fjarskiptafyrirtæki eiga að viðhafa nauðsynlegar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að verja almenn fjarskiptanet sín. Fjarskiptamarkaðurinn hefur jafnframt einkennst af stöðugri þróun á gildandi tækni og nýjum tæknilausnum sem veita þeim sem fyrir eru samkeppni og jafnvel leysa þær af hólmi.

Rekstur Símans þarfnað skilvirkra tölvukerfa. Bilanir í tölvukerfum félagsins kynnu að hafa neikvæð áhrif á rekstur þess. Félagið gerir sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem tölvukerfi gegna í skilvirkum rekstri þess og að það geti náð viðskiptalegu forskoti með því að innleiða tækninýjungar sem bæta þjónustu til viðskiptavina og auðvelda starfsmönnum að sinna starfi sínu. Eftirlitsferlar eru til staðar hjá féluginu sem stuðla að auknu öryggi og skilvirkni tölvukerfa þess.

Síminn starfrækir stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt aðferðafræði ISO/IEC 27001 og ber öryggisráð félagsins ábyrgð á framkvæmd þess. Ráðið rýnir áætlanir um eftirlit eins og áhættumat og innri úttektir ásamt niðurstöðum að lágmarki einu sinni á ári. Markmiðið er að stýra áhættusækni, hámarka upplýsingaöryggi og tryggja eins og kostur er samfellu í rekstri kerfa.

Mikilvæg tölvukerfi eins og fyrir reikningagerð og fjárhagsbókhald eru mikilvæg í starfsemi Símans. Þess vegna skiptir félagið miklu að rekstur þeirra sé traustur og allar breytingar, uppfærslur og útskiptingar á þeim gangi vel.

Árásum á netkerfi fjölgar stöðugt og þarf sifellt að vinna að umbótum og bæta varnir. Öflugt og vottað skipulag öryggismála er mikilvægur liður í því að ráðstafanir séu virkar og umbætur í farvegi. Öryggi er forgangsmál hjá Símanum og ber framkvæmdastjórn ábyrgð á því að gripið sé til viðeigandi ráðstafana.

Síminn ástundar vinnubrögð í samræmi við kröfur og viðurkennda staðla til að lágmarka áhættu. Þar má nefna:

- Síminn hefur sett sér verklagsreglur til þess að gæta að leynd, réttileika og tiltækileika.
- Vottun á stjórnerfi upplýsingaöryggis hjá Símanum skv. ISO/IEC 27001.
- Unnið er samkvæmt kröfum PCI-DSS staðalsins sem tryggir örugga meðhöndlun greiðslukortauplýsinga, m.a. viðskipti um vef.
- Mifid – reglur um rekjanleg samskipti vegna viðskipta starfsmanna með fjármálagjörninga útgefna af Símanum.
- Áhættumat og innri og ytri úttektir eru gerðar reglulega.

#### 1.2.1.2 *Fjarskiptakerfi*

Helstu áhættuþættir sem félagið stendur frammí fyrir tengt rekstri fjarskiptakerfa varða miðlægan búnað þar sem þjónustan verður til (fjarskiptabjónusta, gjaldfærsluupplýsingar og öryggi gagna), stoðkerfi við miðlæga búnaðinn og þ.m.t. öryggi tækjarýma (upplýsingatæknikerfi, rafmagn, aðgangsstýringar, eldvarnir o.s.frv.), afhendingu þjónustu til stærstu viðskiptavina (öryggi gagna viðskiptavina) og öryggi tenginga við útlönd. Öll samþjöppun magnar áhættuna, hvort heldur um er að ræða landfræðilega eða tæknilega samþjöppun í því flókna umhverfi sem myndar fjarskiptakerfin í heild.

Rekstur Símans og dótturfélaga og afkoma samstæðunnar er háð því að féluginu takist að endurnýja og fjárfesta í fjarskiptakerfum á ásættanlegan hátt með það fyrir augum að félagið sé samkeppnishæft og ákjósanlegur valkostur í augum endanotenda, bæta fjárhagslega afkomu þess og bregðast við tæknipróun, auknum kröfum viðskiptavina og eftirlitsaðila. Í þessu getur m.a. falist að uppfæra virkni fjarskiptakerfa félagsins til að mæta kröfum um aukna aðlögunarmöguleika þjónustunnar, auka þjónustunet fyrir tilteknar vörur eða svæði, viðhalda og þroa þjónustuver félagsins, umsjón með fjarskiptakerfum og öðrum þáttum rekstrarins og uppfæra eldri kerfi svo þau aðlagist nýrri tækni.

Þessir þættir eru ekki að öllu leyti undir stjórn félagsins og mun regluverk og breytingar á því m.a. hafa þar áhrif. Takist Símanum ekki að framkvæma og innleiða verkefni og fjárfestingar á borð við framangreint á árangursríkan hátt kann það að hafa neikvæð áhrif á öflun nýrra viðskiptavina og að halda þeim sem fyrir eru. Það mun þá að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á rekstur félagsins, afkomu og fjárhagsstöðu.

Farsímabúnaðurinn er almennt tvöfaldur og landfræðilega aðgreindur til að lágmarka hættuna á rekstrarstöðvun. Meginkerfin fyrir GSM, 3G, 4G og 5G eru í Múla og Breiðholti. Miðlæg kerfi farsíma sem sjá um talpjónustu og gagnaflutnings þjónustu eru nú þegar tvöföld og eru á tveimur stöðum í Reykjavík.

Þó um sé að ræða búnað með hæsta öryggisstigi er aðeins hluti sambands- og gagnaflutningsbúnaðar tvöfaldur, þ.e. stjórn- og afleiningar(e. power systems) eru tvöfaldar til að minnka líkur á rekstarstöðvun ef þær einingar myndu bila, aðrir hlutar hans eru einfaldir og bilun getur við vissar aðstæður orsakað útfall á þjónustu eða algjört sambandsleysi. Reynt er þó að tryggja við hönnun og uppbyggingu að lágmarka líkurnar á því að slíkt gerist. Búnaðurinn er vaktaður allan sólarhringinn alla daga ársins af sérfræðingum Símans og Mílu sem hafa aðgang að sérfraðingum framleiðenda (Ericsson og Cisco) ef þörf krefur.

Gagnaflutningsbúnaður í aðgangsneti, sem tengir heimili og minni fyrirtæki er almennt ekki hringtengdur til viðskiptavinar. - Búnaðurinn er vaktaður allan sólarhringinn alla daga ársins af sérfræðingum Mílu sem einnig hafa aðgang að framleiðanda búnaðar, Nokia, ef þörf krefur.

Meginsjónvarpskerfin eru flest dreifð og mörg og því minni afleiðingar ef ein eining dettur út. Búnaður er almennt tvöfaldur og meginbúnaður er hringtengdur. Útspilunarþúnaður á línulegum rásum, (e. Head end) er í Múla og er tvöfaldur. Varabúnaður er í Breiðholti fyrir útspilun á mikilvægustu rásunum til að tryggja landfræðilegan aðskilnað. Búnaðurinn er vaktaður allan sólarhringinn alla daga ársins af sérfræðingum Símans með aðgengi að helstu framleiðendum búnaðar, Teleste, Broadpeak, Harmonics og Verimatrix.

Fjarskiptaleiðir úr landi eru þrjár. Aðeins eru notaðir ljósleiðarasætrengir. Þeir eru Farice, Danice og Greenland Connect. Á öllum þessum leiðum hafa komið upp bilanir en aldrei fleiri en ein í einu. Áhættan er þó fyrir hendi. Samböndum yfir sætrengina er dreift á landleiðir á Íslandi, Bretlandi og meginlandi Evrópu til að dreifa áhættu við ljósleiðararf.

Almennt er allur fjarskiptabúnaður útgefanda á vararafmagni sem tekur við ef rafmagn slær út. Til viðbótar eru varaaflskerfi, sem fyrst og fremst eru notuð af stuðningskerfum við fjarskiptakerfin. Að lokum eru dísilrafstöðvar við stærstu fjarskiptamannvirkin.

Fjarskiptamannvirki eru almennt í vel vörðu húsnæði, sérstaklega mikilvæg fjarskiptamannvirki. Áhætta er þó fyrir hendi að hægt sé að vinna skemmdaverk og komast að búnaði og lögnum.

### **1.2.1.3 Rekstrarleyfi**

Síminn hf. og dótturfélag hans Míla ehf. hafa almenna heimild til rekstrar fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu í samræmi við 4. og 6. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og reglur Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 345/2005. Síminn hefur nokkrar mismunandi tíðniheimildir fyrir farsímaþjónustu, fyrir aðra, þriðju, fjórðu og fimmtu kynslóð farsíma. Tíðniheimildir Símans og Mílu eru ekki framseljanlegar að neinu leyti og gilda flestar þeirra í 10 -15 ár. Síminn er einnig með réttindi til notkunar á tíðniheimildum til reksturs farsímakerfa í samræmi við 7. gr. laga um fjarskipti. Heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) til aðgerða samkvæmt lögunum geta mögulega haft áhrif á rekstur Símans og Mílu. Úthlutun tíðniheimilda er tímabundin og því er ekki hægt að ganga út frá því sem vísu að réttur til að nota tíðni verði endurnýjaður þegar notkunarréttur rennur út þrátt fyrir að þjónusta sé veitt til viðskiptavina á úthlutuðum tíðnum. Einnig getur komið til skertrar úthlutunar við endurnýjun á tíðnum. Verði tíðni ekki notuð í samræmi við úthlutunarreglur og notkunarskilmála kann að koma til afturköllunar á tíðnum. Felur slíkt í sér áhættu fyrir rekstur Símans og dótturfélaga.

Síminn hefur leyfi fjölmíðlanefndar til útsendinga þeirra sjónvarpsstöðva sem hann starfrækir í samræmi við fjölmíðlalög nr. 38/2011.

### **1.2.1.4 Starfsmannaáhætta**

Innan félagsins er yfirgripsmikil reynsla og þekking á íslenska fjarskipta- og fjölmíðlamarkaðnum ásamt þekkingu á upplýsingatækni markaðnum. Framtíðarþróun félagsins veltur á þekkingu, reynslu og einurð stjórnenda þess og annarra lykilstarfsmanna. Það gæti haft neikvæð áhrif á félagið ef hópur slfkra lykilstarfsmanna hætti störfum hjá því, einkum ef margir slíkir starfsmenn hættu störfum á sama tíma eða með stuttu millibili. Ef félagið getur ekki ráðið til sín nýja hæfa starfsmenn gæti það haft neikvæð áhrif á getu þess til að þróa reksturinn. Það er mikilvægt fyrir Símann að geta laðað til sín og haldið í hæft starfsfólk. Félagið leggur mikla áherslu á að bjóða upp á góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun en ekki er víst að því takist ávallt að laða til sín og halda í þá starfsmenn sem það þarfnað.

### **1.2.1.5 Orðsporsáhætta**

Orðsporsáhætta er hættan á að félagið verði fyrir tekjumissi vegna neikvæðrar umfjöllunar um viðskiptahætti þess. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef féluginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili þess er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Má þar nefna að vegna eðli starfsemi Símans hefur félagið undir höndum ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavini sína. Síminn leggur áherslu á að framfylgja lögum nr. 907/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem og fjarskiptalögum nr. 81/2003. Markmið laganna er að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalfs auk þess að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Slík neikvæð umfjöllun getur komið upp ef féluginu verða á mistök í rekstri eða ef félagið eða tengdur aðili þess er sakaður um eða dæmdur fyrir athæfi sem samrýmist ekki lögum. Ef orðspor eða trúverðugleiki félagsins bíður tjón vegna opinberrar eða almennrar umræðu getur það skert möguleika þess til vaxtar og haft neikvæð áhrif á framtíðartekjur sem getur haft áhrif á endurgreiðslu víxlana.

### **1.2.1.6 Stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál**

Vegna stærðar og umfangs rekstrar Símans kann félagið og dótturfélög þess á hverjum tíma að vera aðili að einhvers konar ágreiningsmálum sem upp koma af hálfu félagsins eða á hendur því. Ágreiningsmál geta verið af ýmsum toga og geta til dæmis snert samkeppnisaðila félagsins, viðskiptavini þess, birgja, starfsfólk, opinberar stofnanir, eftirlitsaðila og fleiri sem eru í samskiptum við félagið á hverjum tíma.

Um þessar mundir eru nokkur lögfræðileg ágreiningsmál sem tengjast féluginu í gangi og snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárlítála vegna þeirra. Útgefandi er ekki aðili að neinu gerðardómsmáli, þ.m.t. málum sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um, sem kunni að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á fjárhagss töðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar.

#### **1.2.1.6.1 Skaðabótamál TSC ehf. gegn Símanum hf.**

TSC ehf. höfðaði mál gegn Símanum til greiðslu skaðabóta vegna ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 41/2009, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005. Nam stefnujfjárhæðin rúmlega hundrað milljónum króna, auk kostnaðar, vaxta og dráttarvaxta. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að Símanum bæri að greiða 50 milljónir króna auk kostnaðar, vaxta og dráttarvaxta. Síminn áfrýjaði dómi Héraðsdóms Reykjavíkur til Landsréttar og TSC gagnstefndi málínun einnig. Landsréttur komst að þeirri niðurstöðu að skaðabætur væru hæfilega ákvárdar 30 milljónir króna auk kostnaðar, vaxta og dráttarvaxta og er málínun lokið.

#### **1.2.1.6.2 Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020**

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hf. hefði farið gegn 3. gr. í ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2015 og grein 19. og 20. gr. í ákvörðun stofnunarinnar nr. 6/2015 vegna fyrirkomulags Símans hf. á sölu á útsendingum frá ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í tengslum við Heimilispakka og sektaði Símann um 500 milljónir króna. Síminn kærði ákvörðunina til áfrýjunarfndar samkeppnismála þar sem var krafra um ógildingu ákvörðunar eða til vara verulega lækkun sektarfjárhæðarinnar. Sektin var gjaldfærð á öðrum ársfjórðungi 2020. Í kjölfarið á ákvörðuninni sendu Nova hf. og Sýn hf. erindi til Samkeppniseftirlitsins, þar sem kvartað var undan háttsemi Símans á grundvelli sömu ákvárdana og nefnd eru að framan auk þess sem byggt var á 11. gr. samkeppnisлага. Nova gerði m.a. kröfu um íhlutun í rekstur Símans. Síminn svaraði kvörtununum og taldi að háttsemi félagsins væri í samræmi við samkeppnislög og afleiddar ákvárdanir. Samkeppniseftirlitið taldi ekki forsendar fyrir bráðabirgða í hlutun en ákvæð að taka kvartanirnar í erindinu til formlegrar rannsóknar. Í janúar 2021 úrskurðaði áfrýjunarfnd samkeppnismála um að fella úr gildi að hluta ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 og lækka sektargreiðslu Símans úr 500 m.kr. í 200 m.kr. Síminn mun nú fara betur yfir forsendar úrskurðarins og meta næstu skref, t.d. þá hvort eftirstandandi þáttur verði borinn undir dómstóla.

#### **1.2.1.6.3 Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnun gegn Símanum hf. og skaðabótamál Sýnar hf. gegn Símanum hf.**

Síminn og Vodafone (Sýn hf.) hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 milljónir króna sem félagið hefur þegar greitt. Síminn höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar og Héraðsdómur Reykjavíkur lækkaði sektarfjárhæðina niður í 7 milljón króna. Síminn telur háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og áfrýjað málínun til Landsréttar.

Í kjölfarið á ákvörðun PFS sumarið 2018 sendi Vodafone kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 milljarð króna. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Vodafone að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Vodafone. Að mati

Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða. Vodafone byrjaði að stefna málinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur sem vísaði kröfu Vodafone frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu af frávísuninni lagði Vodafone fram beiðni um dómkvaðingu matsmanna og í kjölfarið af niðurstöðu matsmanna stefndi Vodafone Símanum að nýju fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gerði þá kröfu um 125 milljónir króna, ásamt kostnaði og vöxtum. Síminn hafnar málatilbúnaði Vodafone og hefur skilað greinagerð.. PFS tók haustið 2019 ákvörðun nr. 27/2019 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði ítrekað brotið gegn fjölmíðlalögum og lagði sekt að fjárhæð kr. 9 m.kr. á Símann. Síminn kærði ákvörðun PFS til útskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála, sem felldi ákvörðun PFS úr gildi, sbr. úrskurður nr. 7/2019 á þeim grundvelli að mál PFS hefði verið rannsakað með ófullnægjandi hætti. Sýn og PFS hafa síðan höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til þess að fá úrskurðinum hnekkt.

#### 1.2.1.6.4 *Skaðabótakrafa Inter-samtakanna*

Inter-samtök, sem eru samtök aðila er veita internethjónustu, sendu Símanum kröfu árið 2015 og kröfðust skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Þrjú félög innan samtakanna óskuðu eftir dómkvaðingu matsmanna og sendu í kjölfarið breyttar kröfur sem nema rúmlega 300 milljónum króna. Tölvun ehf. stefndi máli til héraðsdóms til greiðslu skaðabóta aðallega að fjárhæð tæplega 7 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Snerpa ehf. gerði slíkt hið sama og gerði aðallega kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð tæplega 40 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Hringiðan ehf. stefndi Símanum einnig og gerði aðallega kröfu að fjárhæð 899 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Síminn hefur skilað greinagerð þar sem málatilbúnaði félaganna er hafnað. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóm í málinu 28. október 2020 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Símanum bæri að greiða Hringiðunni 97 milljónir króna auk kostnaðar og dráttavaxta, Snerpu 9,7 milljónir króna auk kostnaðar og dráttavaxta og að lokum ætti Síminn að greiða Tölvun 4,2 milljónir króna auk dráttavaxta og kostnaðar. Málinu er lokið..

#### 1.2.1.6.5 *Skaðabótakrafa IHM gegn Símanum hf.*

IHM (Innheimtustöð rétthafa) hefur stefnt Símanum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um greiðslu að fjárhæð 337 milljónum króna auk vaxta og dráttavaxta vegna meintra vangoldinna gjalda frá árinu 2009 í tengslum við sölu og dreifingu á erlendum sjónvarprásásum sem IHM hefur milligöngu um að selja aðgang að. Síminn hefur skilað greinargerð í málinu þar sem sýknu er krafist en Síminn telur kröfuna ekki vera réttmæta.

#### 1.2.1.6.6 *Skaðabótakrafa Gagnaveitu Reykjavíkur gegn Símanum hf.*

Gagnaveita Reykjavíkur sendi Símanum í mars 2019 kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 milljarða króna. Síminn hafnaði kröfunni og bentí á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða.

#### 1.2.1.7 *Innra eftirlit og áhættustýring*

Áhættustefna félagsins var staðfest 30. mars 2021 af stjórn Símans.

Tilgangur stefnunnar er að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi Símans og dótturfélaga til hagsbóta fyrir samfélagið, viðskiptavini, starfsfólk og hluthafa. Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Símans og dótturfélög. Umfang stefnunnar nær til alls starfsfólks, starfsstöðva, þjónustu, eigna, upplýsinga og búnaðar sem fyrirtækia hafa umsjón með eða fela öðrum að sjá um í sínu nafni og allra aðila sem veita þeim þjónustu.

Stjórn Símans samþykkir stefnuna og staðfestir með undirritun sinni. Í Símanum hf. og Mílu ehf. starfar öryggisráð eða sambærilegur vettvangur sem sér til þess að stefnunni sé framfylgt og að starfrækt sé stjórnskipulag áhættustýringar og samræmt áhættustýringarferli sem hentar umfangi viðkomandi fyrirtækis. Framkvæmdastjórnir fyrirtækjanna sjá til þess að nægar auðlindir séu fyrir hendi til að framfylgja stefnunni.

Stefna um áhættustýringu er bindandi fyrir alla starfsmenn. Starfsmenn sem brjóta gegn stefnunni eiga yfir höfði sér áminningu í starfi eða uppsögn, allt eftir eðli og umfangi.

Fyrirtækin greina og meðhöndla áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Fyrirtækin skilgreina áhættuvilja sem viðmið fyrir það áhættustig sem telst vera ásættanlegt.

Meginmarkiðið er að:

- áhætta umfram áhættuvilja telst óásættanlegt og skal meðhöndlud,
- aðgerðir vegna mildunar áhættu hljóti viðeigandi forgang,
- stjórnarmenn, stjórnendur, starfsfólk, verktagar, þjónustuaðilar og aðrir aðilar sem starfa fyrir fyrirtækin þekki eigið hlutverk, boðleiðir og mikilvægi áhættustýringar.

Sértækar stefnur sem fyrirtækin setja sér skulu vera í samræmi við stefnu um áhættustýringu, til dæmis fjárvíringarstefna eða stefna um upplýsingaöryggi.

Öryggisráð skal fjalla um og taka afstöðu fyrir þörf á áhættumati þegar ákvörðun er tekin um stærri verkefni, stefnubreytingu eða breytingu á starfsemi eða skipulagi. Áhersla er á áhættu sem afurð verkefnisins getur orsakað. Fyrirtækin skilgreina viðeigandi viðmið og hlutverk vegna ákvörðunar um áhættumat verkefnis.

Stefna um áhættustýringu skal fylgja lögum og reglum sem gilda um starfsemina, þar með talið reglum Póst- og fjarskiptastofnunar og Persónuverndar, ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, tilmælum Fjármálaeftirlitsins, kröfum staðalsins ISO/IEC 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis ásamt öðrum kröfum sem settar eru á félögin.

Endurskoðunarfnd Símans endurskoðar stefnu um áhættustýringu og leggur fyrir stjórn til samþykkтар og undirritunar á minnst þriggja ára fresti og einnig ef breytingar verða á skipan stjórnar fyrirtækisins.

### **1.2.1.8 Lagarammi fjarskiptafyrirtækja**

Starfsemi Símans og dótturfélaga, á borð við Mílu ehf., lýtur ýmsum lögum og reglugerðum sem hafa áhrif á hvernig útgefandi hagar starfsemi sinni. Breytingar íslenskra stjórnvalda á þeim lögum sem gilda um félagið, eða ný lög sem sett eru um starfsemi þess, gætu haft neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar.

Íslensk löggjöf um fjarskipti byggist að miklu leyti á þeim gerðum ESB sem skylt er að innleiða í íslensk lög samkvæmt EES-samningnum sem Ísland er aðili að. Póst- og fjarskiptastofnun ber samkvæmt lögum nr. 69/2003 að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála og eiga samstarf við aðrar eftirlitsstofnanir í EES og Eftirlitsstofnun EFTA í þeim tilgangi að koma á samræmdum eftirlitsháttum og samræmdri túlkun löggjafar. Tilskipanir og reglugerðir ESB geta því haft áhrif á lög og stjórnvaldsfyrirmæli um fjarskipti og þar af leiðandi haft jákvæð og/eða neikvæð áhrif á fjárhag Símans og starfsemi félagsins að öðru leyti.

Lög nr. 81/2003 um fjarskipti gilda um starfsemi fjarskiptafélaga. Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 69/2003, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, fylgist með því að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvárdanir sem um hana gilda og að hún sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Það liggur fyrir Alþingi að samþykkja innleiðingu á breytingum á fjarskiptaregluverki ESB sbr. tilskipun (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (e. European Electronic Communications Code Directive eða EECC-tilskipunin). Er þannig ljóst að núgildandi fjarskiptalög munu taka nokkrum breytingum.

### **1.2.1.9 Kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk**

Póst- og fjarskiptastofnun skal samkvæmt 16. gr. laga um fjarskipti skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Póst- og fjarskiptastofnun ber samkvæmt 17. gr. sömu laga að greina viðkomandi markaði og skal markaðsgreiningin vera grundvöllur ákvörðunar um hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk eins og hann er skilgreindur samkvæmt 18. gr. sömu laga.

Síminn og Míla hafa verið skilgreind af Póst- og fjarskiptastofnun með umtalsverðan markaðsstyrk á nokkrum af þeim mörkuðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með. Fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk er fyrirtæki sem eitt og sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda sbr. 1. mgr. 18. gr. laga um fjarskipti. Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimild samkvæmt 27. gr. laga um fjarskipti til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk er varðar gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað, opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhaldi eins og þarf í þeim tilgangi að efla virka samkeppni.

Liftími markaðsgreiningar Póst- og fjarskiptastofnunar er almennt 2-3 ár, þ.e. álagðar kvaðir líta til væntrar þróunar næstu 2-3 ár eftir að markaðsgreining er unnin. Stofnunin hefur dregið endurskoðun markaðsgreininga á ákveðnum mörkuðum í yfir 6-7 ár sem felur í sér áhættu að kvaðirnar eru ekki viðeigandi m.t.t. núverandi markaðsumhverfi, sem leiðir til þess að kvaðir geta falið í sér óviðeigandi eða óhófleg höft á athafnafrelsi fyrirtækjanna sem bera kvaðirnar og þannig takmarkað getu þeirra til þess að keppa og þar af leiðandi haft áhrif á rekstur og afkomu útgefanda.

Brot á lögum um fjarskipti nr. 81/2003 og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar og brot ítrekuð samkvæmt 74. gr. laganna.

### **1.2.1.10 Vörumerki og hugverkaréttindi**

Félagið á fjölda vörumerkja og annarra hugverkaréttinda í gegnum rekstrareiningar sínar sem það hefur reynt að tryggja eignarrétt sinn yfir. Það gæti haft áhrif á rekstur félagsins ef það gæti af einhverjum ástæðum ekki reitt sig áfram á mikilvæg hugverkaréttindi, til dæmis vegna mistaka við skráningu eða eldri réttar annars aðila. Áhrifin á rekstur félagsins gætu til dæmis falist í því að nauðsynlegt væri að fjárfesta í nýju vörumerki.

### **1.2.1.11 Umhverfisáhrif**

Ýmis umhverfisáhrif eða náttúruvá, svo sem eldgos, jarðskjálftar, flóð og óveður, geta haft neikvæð áhrif á möguleika Símans til lengri eða skemmri tíma til að nota fasteignir sem félagið á eða leigir, svo og aðra fastafjármuni eins og farsímasenda og ljósleiðarnet. Náttúruvá getur því haft neikvæð áhrif á rekstur s.s. tekjuöflun félagsins, kostnað og fjárfestingar og þar að leiðandi getu félagsins til að greiða af víxlunum.

### **1.2.1.12 Fasteignir, leiguþúsnaði og staðsetning**

Síminn leigir að megninu til það húsnæði, sem notað er undir starfsemi samstæðunnar. Engar meiriháttar kvaðir eru á leigusamningum félagsins. Hluti af þessu húsnæði hýsir verslanir félagsins og getur staðsetning þeirra haft nokkur áhrif á hve mikinn fjölda viðskiptavina þær laða til sín.

Flestir leigusamningar félagsins fela í sér framlengingarheimildir sem því er heimilt að nýta allt að einu ári fyrir lok óuppségjanlegs leigutímabils. Almennt er miðað við að samningar séu í gildi í 15 ár frá 1. janúar 2019. Leigusamningar vegna flestra fasteigna í Ármúla renna út í lok árs 2025. Leigusammingarnir eru almennt með framlengingarheimild til 5 ára en leigusamningar vegna húsnæðis með viðkvæmustu innviðina eru með einhliða framlengingarákvæði. Félagið hefur metið að hækkun leiguskuldar verði allt að 979 m.kr. ef það nýtir sér 5 ára framlengingarheimild þeirra samninga sem eru með framlengingarheimild til 5 ára.

Hætta kann að vera fólin í því að félagið geti ekki tryggt sér hentugt húsnæði undir starfsemi sína á mikilvægum svæðum á sanngjörnum kjörum eða sambærilegum við núverandi kjör. Á það bæði við um húsnæði undir nýja starfsemi eða við lok framangreindra leigusamninga.

## **1.2.2 Fjárhagsleg áhætta**

Síminn stýrir fjármagni sínu á þann hátt að tryggt sé að félög samstæðunnar séu rekstrarhæf samhliða því að hámarka hagnað hluthafa með réttu jafnvægi skulda og eiginfjár. Starfsemi Símans felur í sér að reksturinn, eignir, skuldir og eigið fé standa frammi fyrir ymiss konar fjárhagslegri áhætta. Fjárhagslega áhætta Símans má greina í markaðsáhætta, lánsáhætta og lausafjárahætta. Fjárvíking Símans veitir félaginu miðlæga fjármálapjónustu svo sem vegna fjármögnunar, gjaldeyriskaupa, vaxtastýringar og áhættumats á mótaðilum. Starfsemi fjárvíkingar Símans byggist á stefnu og viðmiðum sem stjórn félagsins samþykkir og endurskoðar með reglubundnum hætti. Félagið tekur ekki stöðu með fjármálagerningum, þar með talið afleiddum fjármálagerningum, sem eru byggðir á spákaupmennsku.

### **1.2.2.1 Lánsáhætta**

Lánsáhætta eða mótaðilaáhætta, er áhættan á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þess að lánardrottinn, leigusali, birgi, viðskiptavinur eða annar mótaðili uppfylli ekki samningsbundnar skuldbindingar sínar.

Áhætta félagsins gagnvart lánsáhætta er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi auk vissra ábyrgða. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhætta. Viðskipakröfur félagsins eru á hendur fjöldamörgum viðskiptavinum sem dreifast á margar starfsgreinar og landssvæði. Viðskiptakröfur eru ekki háðar fáum stórum viðskiptavinum.

Meirihluti viðskiptakrafna félagsins eru til greiðslu innan 60 daga. Mynduð er niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisryrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimitusögu sambærilegra krafna. Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem viðskiptamenn félagsins eru margir og ótengdir.

### **1.2.2.2 *Markaðsáhætta***

Markaðsáhætta Símans hf. sem felur m.a. í sér vaxta- og fjármögnunaráhættu, verðbólguáhættu og gengisáhættu getur haft áhrif á afkomu félagsins eða virði eigna þess.

#### **1.2.2.2.1 *Vaxtaáhætta***

Síminn ber vaxtaáhættu af lántökum sínum og lausafjárvstýringu. Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru bólfærð í rekstrarreikningi og vaxtabreytingar á markaðnum geta haft neikvæð áhrif á fjárhagslega stöðu félagsins. Síminn getur ekki ábyrgst að lánsfé á sambærilegum kjörum og féluginu bjóðast nú muni standa því til boða í framtíðinni. Aðstæður á mörkuðum með lánsfé geta breyst og ekki er hægt að útiloka að félagið þurfi á fjármögnun að halda á tímum þegar framboð lánsfjár er takmarkað sem gæti haft bein áhrif á afkomu og hagnað Símans.

Lánasafn félagsins samanstendur af lánum í ISK með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins eru hæri en vaxtaberandi fjáreignir, en vaxtaáhættan er vegna breytilegra vaxta. Áhættan liggur því í að möguleg hækkan á vöxtum leiði til hækkunar á fjármagnsliðum.

#### **1.2.2.2.2 *Verðbólguáhætta***

Verðbólga, og væntingar þar um, hafa áhrif á vaxtastig sem getur valdið tilheyrandi áhrifum á fjármagnskostnað Símans og þar með afkomu félagsins og viðskiptavina þess. Lánsfjármögnun félagsins er óverðtryggð, verðbólga getur haft áhrif á óverðtryggða fjármögnun félagsins þar sem um er að ræða breytilega vexti sem verðbólga og verðbólguvaentingar geta haft áhrif á.

#### **1.2.2.2.3 *Gengisáhætta***

Hluti af fjárfestingum félagsins er í erlendri mynt og ber félagið stærstu áhættu gagnvart EUR og USD. Að minna marki hefur gengið áhrif á tekjur og rekstrargjöld félagsins. Viðskipti við innlenda birgja geta einnig verið háð erlendum aðföngum og þeim fylgir því tilheyrandi gjaldmiðlaáhætta.

### **1.2.2.3 *Endurfjármögnum***

Síminn samstæða endurfjármagnaði skuldir í lok mars 2021. Síminn gekk frá 6 ma.kr. fjármögnun frá Arion banka með 2 ma.kr. lánalínu og að auki með möguleika á 3 ma.kr. viðbotalíni. Míla var fjármögnuð með 20 ma.kr. láni frá Íslandsbanka og 1 ma.kr. lánalínu. Vaxtaberandi skuldir samstæðu eru nú samtals 26 ma.kr. langtímalán með lokagjalddaga annar vegar árið 2026 með framlengingarheimild og hins vegar árið 2031. Áhætta varðandi endurfjármögnum er ávallt til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántökum. Bæði er til staðar hætta á því að félagið nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig hættan á því að féluginu takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

#### **1.2.2.4 *Kvaðir vegna fjármögnum***

Lánasamningar og skuldaskjöl þar sem Síminn hf. og Míla ehf. eru skuldarar geta innihaldið ýmsar kvaðir og skuldbindingar. Brot gegn þessum kvöðum og skuldbindingum geta varðað gjalfellingu viðkomandi lána og skuldaskjala. Nýti lánveitendur gjalfellingarheimildir sínar geta þeir gengið að þeim veðum sem þeir hafa til tryggingar kröfum sínum í samræmi við innihald viðkomandi lána-, skuldaskjala og viðeigandi tryggingarbréfa.

Lánasamningar Símans hf og Mílu ehf. innihalda kvaðir um tiltekinn árangur í rekstri og efnahagslegan styrk. Auk þess geta verið ýmsar hömlur á aðgerðir félaganna og getur þurft að leita samþykki lánveitenda fyrir þeim. Skuldir félaganna eru tryggðar með veðum í helstu eignum félaganna.

#### **1.2.2.5 *Lausafjárhætta***

Félagið gæti hugsanlega staðið frammi fyrir þeirri áhættu að eiga ekki til nægt lausafé eða aðgang að fjármögnun til að mæta skuldbindingum sínum. Lausafjárhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið mætir þessari áhættu með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlega varasjóði samhlíða því að viðhalda viðeigandi varaforða, tryggja aðgengi að veltufjármögnum hjá viðskiptabanka sínum, fylgjast með áætluðu og raun sjóðstreymi auk þess að jafna gjalddögum fjárhagslegra eigna og skuldbindinga.

## **1.2.3 Ytri áhættuþættir**

### **1.2.3.1 Áhætta tengd efnahags- og stjórnmálaumhverfi og laga- og regluáhættu.**

Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af þróun efnahagsmála á Íslandi sem og erlendis. Langstærsti hluti tekna félagsins kemur af innlendum markaði svo aðstæður í íslensku efnahagslífi geta því haft mikil áhrif á fjárhagslega stöðu félagsins á hverjum tíma. Efnahagslegir þættir eins og samdráttur í efnahagslífinu og mikil verðbólga geta haft áhrif á eftirspurn eftir vörum og þjónustu Símans í magni talið og möguleika félagsins til verðlagningar með hliðsjón af ásættanlegri arðsemi og þar með áhrif á afkomu félagsins.

Mikil verðbólga hefur almennt neikvæð áhrif á rekstur Símans. Við slíkar aðstæður hækka útgjöld á borð við leigugreiðslur vegna tengingar við vísitölu neysluverðs og engin trygging er fyrir því að hægt verði að mæta hækkun kostnaðarverðs seldra vara og annarra útgjalda með verðhækkunum á þeim mörkuðum sem félagið starfar á, m.a. vegna kvaða sem á starfseminni hvíla. Vöruframboð Símans felst í ýmiss konar fjarskiptajónustu, miðlun sjónvarpsefnis og upplýsingatækni og kunna viðskiptavinir að draga úr kaupum sínum á þjónustunni með hækkandi verðlagi og minnkandi kaupmætti

Ástand á vinnumarkaði og kjarasamningar geta haft ýmiss konar áhrif á starfsemi Símans. Mikið eða aukið atvinnuleysi getur til að mynda haft neikvæð áhrif á eftirspurn einstaklinga eftir þjónustu og vörum Símans. Erfitt getur verið að velta auknum launakostnaði út í verðlagið og sama skapi getur hækkað verðlag haft neikvæð áhrif á eftirspurn fyrirtækja og einstaklinga eftir þjónustu og vörum Símans. Félagið gæti orðið fyrir áhrifum af þróun stjórnmála á Íslandi sem og erlendis auk þess sem regluverk í starfsemi fjarskiptafyrirtækja á Íslandi getur tekið breytingum vegna innleiðingar tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins.

Ákváðanir stjórnvalda, erlendra sem og innlendra, sem meðal annars geta ráðist af áherslum þeirra stjórnmálaflokkja sem eru við völd á hverjum tíma eða einstökum pólitískum atburðum, geta haft bein eða óbein áhrif á starfsemi Símans. Féluginu ber að fylgja mismunandi lögum og reglugerðum og geta breytingar á mikilvægum sviðum ráðist af stjórnmálaumhverfinu á hverjum tíma.

Regluverk í starfsemi fjarskiptafyrirtækja á Íslandi getur tekið breytingum vegna innleiðingar tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Allar breytingar á öðrum almennum lögum kunna einnig að hafa áhrif á rekstur félagsins. Má í því sambandi nefna breytingar á samkeppnislögum, persónuverndarlögum, fjölmíðlalögum, lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, lög um neytandalán, lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, skattalögum og lögum er varða innheimtu, bókhald, ársreikninga og fjármálamaðra.

### **1.2.3.2 Verðbréfalöggjöf**

Hlutabréf útgefin af Símanum hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, því gilda um félagið ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Að auki ber féluginu að fylgja reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðsvík, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja og reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga frá 1. maí 2020. Ef félagið myndi brjóta framangreind lög og reglur gæti það haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir það.

### **1.2.3.3 Samkeppnin og Samkeppniseftirlitið**

Starfsemi félagsins heyrir undir samkeppnislög nr. 44/2005, líkt og allra annarra fyrirtækja landsins. Megin bannákvæði samkeppnisлага ná til samkeppnishamlandi samstarfs fyrirtækja, sbr. 10. gr. laganna og misnotkunar á markaðsráðandi stöðu, sbr. 11. gr. samkeppnisлага en síðarnefnda ákvæðið nær aðeins til fyrirtækja sem eru í markaðsráðandi stöðu á tilteknum mörkuðum. Einnig eru sérstakar ákváðanir Samkeppniseftirlitsins sem hvíla á Símanum, sem hafa verið teknar á grundvelli samkeppnisлага, sbr. ákvörðun nr. 6/2015 sem mælir fyrir um aðskilnað Símans og Mílu auk annarra skilyrða sem lúta að atferli Símans og Mílu á markaði sem og ákvörðun nr. 20/2015 sem mælir fyrir um tiltekin skilyrði er lúta að rekstri línulegrar útsendinga félagsins. Áhrif ákváðana er m.a. að geta samstæðunnar til þess að ráðast í eðlilegar hagræðingaraðgerðir eða samnýta stoðþjónustu á ákveðnum sviðum er takmarkaðri og einnig takmarka þær getu samstæðunnar til þess að bregðast við markaðsaðstæðum. Mögulegar aðgerðir Samkeppniseftirlitsins gegn útgefanda kunna að hafa bæði orðsporsáhættu fyrir útgefanda sem og fjárhagslega áhættu ef útgefanda er gert að greiða sektir vegna brota á samkeppnislögum.

Mikil samkeppni er á helstu mörkuðum sem Síminn og dótturfélög starfa á sem getur leitt til verðlækkana, hærri markaðskostnaðar, meiri fjárfestinga en áætlanir gera ráð fyrir og minni tekna sem aftur getur haft neikvæð áhrif á arðsemi Símans í framtíðinni. Framangreint getur m.a. leitt til þess að félagið þurfi að takast á hendur aukinn kostnað vegna fjárfestinga í nýjum tæknilausnum til að uppfylla betur þarfir viðskiptavina sinna. Jafnframt kann að vera að aðgangur að fjármögnun nýfjárfestinga verði minni en ella.

Ef ekki er keppt við samkeppnisaðila í verði, vöruúrvali, gæðum og þjónustu gæti það haft neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu Símans. Nýir samkeppnisaðilar hafa með misjafnlega löngu millibili komið inn á þá markaði sem Síminn starfar aðallega á og náð fótfestu og því er ljóst að möguleikinn á nýri og aukinni samkeppni er stöðugt fyrir hendi. Síminn gerir sér líka grein fyrir að breytingar á afstöðu neytenda til félagsins og ákvarðanir yfirvalda gætu leitt til harðari samkeppni, haft í för með sér að félagið þurfi að ráðast í verulegar fjárfestingar eða að það þurfi að breyta viðskiptamódeli sínu til að verja samkeppnisstöðu sína.

#### **1.2.3.4 Ákvarðanir á grundvelli fjarskiptalaga tengdar Símanum og dótturfélögum**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið og kann að taka frekari ákvarðanir sem hafa sein áhrif á rekstur og skipulag Símans og dótturfélaga. Eitt af því sem fjallað er um í lögum um fjarskipti er það verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar að skilgreina fjarskiptamarkaði eftir þjónustu og landsvæðum í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar skv. EES-samningnum. Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun skyld að greina stöðuna á þessum mörkuðum og kanna hvort á þeim ríki virk samkeppni. Ef Póst- og fjarskiptastofnun kemst að þeirri niðurstöðu að á tilgreindum markaði ríki ekki virk samkeppni vegna þess að fyrirtæki, eitt eða með öðru(m), hafi umtalsverðan markaðsstyrk ber stofnuninni að útnefna það sem slíkt og leggja á það viðeigandi kvaðir, þar sem þess er þörf. Ef Póst- og fjarskiptastofnun kemst að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni sé á tilgreindum markaði, þ.e. að ekkert fyrirtæki sé þar með umtalsverðan markaðsstyrk, hefur stofnunin ekki heimild til að leggja kvaðir á fyrirtækin. Hafi hún áður lagt kvaðir á fyrirtæki á þeim markaði skal draga þær til baka.

Þær kvaðir sem hafa verið og kunna að verða lagðar á hendur félagini geta haft áhrif á starfsemi, rekstur og afkomu félagsins, s.s. viðmiðum er varða gjaldskrá í kjölfar kostnaðargreiningar þjónustuþáttu, auknum kostnaði t.a.m. vegna tækni- og öryggiskrafna og lægri framlegð af vörum og þjónustu. Þá getur það einnig haft áhrif á rekstur félagsins og dótturfélaga ef viðkomandi stjórnvöld afléttu ekki, eða draga að afléttu, kvöðum þegar skilyrði fyrir álagningu þeirra eru brostnar.

#### **1.2.3.5 Fjölmiðlalög og ákvarðanir á grundvelli fjölmiðlalaga**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimild á grundvelli 46. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011, til þess að leysa úr ágreiningi milli fjölmiðlaveitu og fjarskiptafyrirtækis vegna flutnings eða afhendingar á línulegri myndmiðlun fjölmiðlaveitu yfir fjarskiptakerfi, sbr. 44. og 45. gr. fjölmiðlalaga. Á þeim grunni getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um endurgjald fyrir dreifingu línulegrar myndmiðlunar og þannig takmarkað það endurgjald sem fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlaveita geta krafist vegna dreifingar eða afhendingar slíkrar þjónustu. Ennfremur hafa reglur fjölmiðlalaga um flutningsrétt og flutningsskyldu þau áhrif að samningarátt fjölmiðlaveitu og/eða fjarskiptafyrirtækis er takmarkaður og þar með geta Símans, sem fjölmiðlaveitu og/eða fjarskiptafyrirtækis að hagnýta með eignir og réttindi sem félagið fer með í þessum efnum á markaðslegum forsendum.

#### **1.2.3.6 Vernd persónuupplýsinga**

Símanum ber að haga meðferð fjarskiptaupplýsinga og annarra persónugreinanlegra upplýsinga með þeim hætti að það uppfylli lög nr. 81/2003 um fjarskipti og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ásamt öðrum lagaskilyrðum. Gögnum um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skal eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar. Þó skal í þágu rannsókna sakamála og almannaoryggis varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði en óheimilt er að geyma innihald fjarskiptasendinga. Ef fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkallað réttindi eða bætt við skilyrðum.

#### **1.2.3.7 Samtenging neta og þjónustu**

Eins og fram kemur í 24. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti eiga fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem starfrækja almenn fjarskiptanet og þjónustu rétt á og ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu samkvæmt 25. gr. laganna. Því er ljóst að löginn gera þá skyldu til fjarskiptafyrirtækja að þau geri samninga sín á milli um aðgang að kerfum og öðlist því upplýsingar frá samkeppnisaðila. Póst- og fjarskiptastofnun getur auk þess sbr. 29. gr. framangreindra laga skyldað fjarskiptafyrirtæki til að birta opinberlega t.d. upplýsingar um bókhaldsupplýsingar, tæknilysingar, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og verðskrá. Þetta þýðir að ákvarðanir um verðlagningu, og verðbreytingar, á þeim þjónustuþáttum sem falla undir 24. gr. fjarskiptalaga kunna að vera háðar samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar en einnig getur verðlagning annarra fjarskiptafyrirtækja haft áhrif á rekstur Símans.

#### **1.2.3.8 Skattar**

Félagið hefur orðið fyrir áhrifum af breytingum á íslenskri skattalöggjöf og líklegt er að frekari breytingar í framtíðinni muni hafa áhrif á rekstur þess. Breytingar á sköttum geta leitt til þess að eftirspurn eftir vörum félagsins breytist sem og að skattbyrði félagsins aukist og hafa skattar bein og óbein áhrif á rekstur og virði verðbréfa sem félagið gefur út. Dæmi um skattlagningu fjarskiptafyrirtækja er rekstrargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar, leyfisgjöld tíðniheimilda, gjöld fyrir númeraraðir, sbr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, og jöfnunargjald fjarskiptafyrirtækja, sbr. 22. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Auk eru lög nr. 90/2003 um tekjuskatt ásamt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt dæmi um skattheimtu sem skiptir mál fyrir félagið.

Eins og gildir um öll önnur félög er hugsanlegt að skattaskil félagsins verði tekin til athugunar á síðari stigum í samræmi við gildandi lög og reglugerðir sem gæti haft áhrif á rekstur þess. Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 97. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Félagið og skattyfirvöld gætu verið ósammála um hvernig skuli farið með hinum ýmsu fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru innan Símans í skattalegu tilliti. Félagið telur að það uppfylli öll viðeigandi lög og reglur um skatta og á því ekki von að skattyfirvöld geri kröfur á hendur því vegna meðferðar þess á tekjum eða öðrum fjárhagslegum atriðum.

#### **1.2.3.9 Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar**

Frá því að starfsemi félagsins hófst árið 2007 hafa ársreikningar samstæðu Símans verið útbúnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir eru endurskoðaðir með reglulegu millibili og breytingar á þeim gætu haft áhrif á reiknaðan hagnað félagsins.

## **2 ALMENN LÝSING Á ÚTGÁFURAMMANUM**

### **2.1 Útgáfuramminn**

Stjórn Símans hf. veitti á fundi sínum þann 25. ágúst 2020 heimild til útgáfu víxla fyrir allt að 2 ma.kr. í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari (einnig „víxlarnir“).

Útgáfuramminn gerir ráð fyrir útgáfu víxla sem taka á til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og/eða bjóða á til kaups í almennu útboði eða útboði sem takmarkað er við tiltekinn hóp fjárfesta skv. undanþágu í grein 1(4) í reglugerð (ESB) nr. 2017/1129, sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, allt samkvæmt ákvörðun útgefanda hverju sinni.

Skilmálar þeirra víxla, sem gefa má út samkvæmt útgáfurammanum, eru tilgreindir í kafla *3 Skilmálar víxlanna*.

### **2.2 Skráning**

Ef gert er ráð fyrir að skrá víxlana á skipulegan verðbréfamarkað verður sótt um að fá slíka víxla tekna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Ekki er gert ráð fyrir að sótt verði um að fá víxlana tekna til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

### **2.3 Framkvæmd útgáfu**

Útgefandi mun ákveða skilmála hverrar útgáfu í samræmi við þá skilmála sem tilgreindir eru í kafla *3 Skilmálar víxlanna*, en skilmálum getur verið breytt í viðeigandi viðauka við grunnlýsinguna. Endanlegir skilmálar hverrar útgáfu verða svo tilgreindir í viðeigandi endanlegum skilmálum útgáfunnar. Form endanlegra skilmála er að finna í kafla *4 Form endanlegra skilmála*. Endanlegu skilmálnar verða skráðir hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og birtir á vefsíðu Fjármáleftirlitsins og útgefanda.

### **2.4 Útgáfuáætlun**

Stjórn útgefanda samþykkti á fundi sínum 25. ágúst 2020 útgáfuáætlun innan útgáfurammans sem gerir ráð fyrir útgáfu á víxum fyrir allt að 2 ma.kr. að nafnvirði innan útgáfurammans á næstu 12 mánuðum frá birtingu grunnlýsingar þessarar.

### 3 SKILMÁLAR VÍXLANNA

Skilmálar víxlanna (einnig „skilmálarnir“) eru tilgreindir hér að neðan og eru fullkláraðir með viðeigandi endanlegum skilmálum. Skilmálarnir innihalda valmöguleika sem er lýst með skáletruðum texta í vinstri dálki eða innan hornklofa en upplýsingar, sem ekki eru þekktar á dagsetningu grunnlýsingarinnar, eru jafnframt innan hornklofa. Í viðeigandi endanlegum skilmálum tilgreinir útgefandi hvaða valmöguleikar eiga við um hverja útgáfu með því að fylla inn þær upplýsingar sem ekki voru þekktar við dagsetningu grunnlýsingarinnar, þ.e. þær upplýsingar sem skilgreindar eru sem B og C upplýsingar í samræmi við 26. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 sem innleidd var með reglugerð 274/2020, um innleiðingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðeigandi endanlegir skilmálar hverrar útgáfu eru fullkláraðir í endanlegum skilmálum sem eru birtir á vefsíðu útgefanda [www.siminn.is/um-simann/fjarfestar](http://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar) fyrir útgáfu víxlanna. Í endanlegum skilmálum víxlanna sem gefnir verða út undir víxarammanum er vísað í skilmála og er þá um að ræða tilvísanir í þá skilmála sem koma hér á eftir.

**Útgefandi, greiðandi, samþykkjandi og upphaflegur framseljandi víxlanna er Síminn hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, Íslandi, sími +354 800 7000, [www.siminn.is](http://www.siminn.is).**

<i>Grein 1: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Nafnverðseiningar, heildarheimild, gjaldmiðill og fleira.</b> Rafrænir skilmálar víxlanna skulu teljast innihalda orðið „víxill“ í meginmáli skilmálanna. Víxlarnir eru gefnir út í þeim gjaldmiðli sem tilgreindur er í endanlegum skilmálum sem útgáfugjaldmiðill víxlanna. Víxlarnir eru gefnir út í nafnverðseiningum sem eru að lágmarki jafngildi EUR 100.000, eða þeirri fjárhæð sem undanþegin er gerð lýsingar vegna almennra útboða skv. ákvæðum laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði sbr. 2. gr. laga nr. 14/2020, sbr. c.-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Nafnverðseiningar koma fram í endanlegum skilmálum víxlanna. Þar er einnig tilgreint nafnverð áður útgefina víxla, hvort þeir hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaða og þá á hvaða markaði, heildarheimild til útgáfu víxla í sama flokki ásamt nafnverðeingum víxlanna. Víxill útgefinn í samræmi við skilmála þessa felur í sér þá skyldu að á gjalddaga víxilsins skuli greiðandi (samþykkjandi) víxilsins greiða rafrænt skráðum handhafa víxilsins þá fjárhæð sem víxillinn kveður á um (víxilfjárhæðina). Útgáfustaður víxlanna er á skrásettu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík. Útgáfudagur hvers víxils er sá dagur sem skilgreindur er sem útgáfudagur í endanlegum skilmálum við rafræna útgáfu hans. Greiðslustaður víxlanna er á skrásettu heimilisfangi greiðanda í Reykjavík. Gjalddagi víxilsins er sá dagur sem tilgreindur er sem gjalddagi í endanlegum skilmálum víxilsins við rafræna útgáfu hans. Rafræn útgáfa víxlanna með þeim hætti sem lýst er í skilmálum þessum skal fela í sér ígildi undirskriftar útgefanda (sem útgefanda, greiðanda og samþykkjanda) undir víxlana.
--	--

<i>Grein 2: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag</b> Víxlarnir eru gefnir út rafrænt hjá þeirri verðbréfamíðstöð sem tilgreind er í endanlegum skilmálum (einnig „verðbréfamíðstöð“). Hver og einn víxlanna verður fyrst gefinn út á vörlureikning útgefanda, þaðan sem þeir verða framseldir til víxilhafa. Útgefandi mun með milligöngu verðbréfamíðstöðvar greiða upp víxlana, eftir því sem við á samkvæmt endanlegum skilmálum hvers víxils fyrir sig, á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur víxlanna hafa falið vörslu á víxum sínum. Greiðslur verða inntar af hendi í samræmi við skráða eign víxla á gjalddaga. Ef gjalddagi fellur til á frídegi færist gjalddagi til næsta bankadags þar á eftir. Með verðbréfareikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 7/2020, um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Viðkomandi
--	--

	<p>reikningsstofnun annast endanlegar greiðslur inn á verðbréfareikninga eigendanna, þar sem víxlarnir eru í vörslu.</p> <p>Útgefandi annast allan útreikning á greiðslum. Útgefanda ber að tilkynna verðbréfamíðstöð ef greiðslufall verður á flokknum og skal í slíku tilviki senda verðbréfamíðstöð aðra tilkynningu þegar greiðsla hefur farið fram.</p> <p>Víxlarnir verða afskráðir úr kerfum verðbréfamíðstöðvar sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda.</p> <p>Vanefni útgefandi greiðsu af víxlunum, enda hafi eigandi víxlana fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á verðbréfareikningi hjá reikningsstofnun, ber honum að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Undantekning er ef gjalddagi víxlanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.</p>
--	--

<i>Grein 3: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Staða</b> Kröfur samkvæmt víxlum þessum standa <b>jafnar öðrum almennum kröfum</b> á hendur útgefanda. Við gjaldþrot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðsu samhliða almennum kröfum, en á undan öllum víkjandi kröfum og kröfum til endurgreiðsu hlutafjár.
--	---

<i>Grein 4: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Endurgreiðsla höfuðstóls</b> Greiðsla víxilfjárhæðar skal vera með einni greiðsu. Víxilfjárhæð verður því endurgreidd með einni greiðsu á gjalddaga.
--	--

<i>Grein 5: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Uppgreiðsluheimild og endurkaup</b> Útgefanda er óheimilt að greiða inn á víxlana eða greiða víxlana upp, í heild eða hluta, fyrir gjalddaga þeirra. Útgefanda eru þó heimil endurkaup víxla sem útgefnir eru honum að því marki sem ófrávígjanlegar reglur setts réttar standa því ekki í vegi.
--	--

<i>Grein 6</i>	<b>Vextir</b>
<i>Grein 6.1: Á við í öllum tilfellum:</i>	Víxlarnir eru vaxtalausir og seldir með forvaxtafyrirkomulagi.
<i>Grein 6.2: Á við í öllum tilfellum:</i>	Útreikningur vaxta skal framkvæmdur miðað við þá <b>dagareglu</b> sem tilgreind er í endanlegum skilmálum.

<i>Grein 7</i>	<b>Verðtrygging</b>
<i>Grein 7.1: Á við í öllum tilfellum:</i>	Víxlarnir eru óverðtryggðir.

<b>Grein 8</b>	<b>Yfirlýsingar</b> Útgefandi (sem útgefandi, greiðandi og samþykkjandi víxils) lýsir eftirfarandi yfir gagnvart sérhverjum víxileiganda:
<b>Grein 8.1: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Staða:</b> Útgefandi er félag, réttilega stofnað, í góðu horfi og er réttilega skráð samkvæmt íslenskum lögum. Útgefandi ræður yfir eigin eignum og ræður sinni starfsemi eins og hún er rekin.
<b>Grein 8.2: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Lögformlegar skuldbindingar:</b> Sérhver víxill sem útgefandi gefur út myndar, eða þegar hann verður undirritaður í samræmi við ákvæði hans, mun mynda, lagalegar, gildar, bindandi og fullnustuhæfar skuldbindingar.
<b>Grein 8.3: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Heimild:</b> Útgefandi hefur heimild til að gangast undir og standa við þær skuldbindingar sem víxlarnir fela í sér og þau viðskipti sem fjallað er um í víxlunum.
<b>Grein 8.4: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Hagsmunaárekstrar:</b> Aðild að, og efndir útgefanda á víxlunum, brýtur ekki í bága við nein lög eða reglugerðir, dómsúrskurði eða úrskurði yfirvalda; né stofnskjöl útgefanda; eða neinum öðrum samningi eða löggerningi sem er bindandi fyrir útgefanda eða eignir hans.
<b>Grein 8.5: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Frádráttur óheimill:</b> Allar fjárhæðir sem eru til greiðslu samkvæmt víxlunum skal greiða án frádráttar vegna neins konar skatta, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í útgáfulýsingu víxlanna.
<b>Grein 8.6: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Engar vanefndir:</b> Engar vanefndir eru til staðar og engin önnur atvik eða aðstæður eru uppi sem orsaka efnislega vanefnd samkvæmt neinu skjali sem skuldbindur útgefanda eða einhverjar eignir hans, sem eru líklegar til að hafa efnislega neikvæð áhrif.

<b>Grein 9: Á við í öllum tilfellum:</b>	<b>Vanefndartilvik</b> Greiði greiðandi ekki víxilinn á gjalddaga skal víxillinn teljast gjaldfallinn og getur víxilhafi þá leitað fullnustu víxilsins hjá útgefanda. Sama rétt á víxilhafi, þótt gjalddagi víxilsins sé eigi kominn, ef bú greiðanda hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða honum hefur verið veitt heimild til að leita nauðasamnings, ellegar hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að hann geti eigi greitt skuldir sínar, eða að greiðandi hefur stöðvað greiðslur sínar til kröfuhafa sinna
--	---

<b>Grein 10</b>	<b>Tryggingar og ábyrgðir</b>
<b>Grein 10.1: Á við í öllum tilfellum:</b>	Víxlarnir eru óveðtryggðir.

<b>Grein 11</b>	<b>Önnur ákvæði</b>
<i>Grein 11.1: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Upplýsingaöflun:</b> Útgefanda er heimilt að afla og móttaka upplýsingar um skráða eigendur víxlanna á hverjum tíma frá verðbréfamiðstöð og viðeigandi reikningsstofnunum þar sem víxlarnir eru geymdir á verðbréfareikningum.
<i>Grein 11.2: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Vanskil:</b> Um vanskil víxlanna skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Vanefni útgefandi greiðslu af víxlunum, enda hafi eigandi víxlanna fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á verðbréfareikningi hjá reikningsstofnun, ber honum að greiða dráttarvexti i samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Undantekning er ef gjalddagi víxlanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir. Bankadagur er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
<i>Grein 11.3: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Rétthæð (pari passu):</b> Kröfur samkvæmt víxlum þessum standa ávallt jafn réttháar (pari passu) innan flokksins. Víxlarnir teljast jafn réttháir öðrum almennum, óveðtryggðum kröfum í bú útgefanda, sbr. 113. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.
<i>Grein 11.4: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Hlunnindi:</b> Engin hlunnindi eru tengd víxlunum umfram það sem skilmálar þeirra segja til um.
<i>Grein 11.5: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Framsal:</b> Engar hömlur eru á framsali víxlanna, en eingöngu er heimilt að framselja þá til nafngreinds aðila. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð veitir skráðum eiganda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður að. Er reikningsstofnunum eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim.  Víxilharfar (aðrir en útgefandi, greiðandi og samþykkjandi, sem upphaflegur framseljandi víxlanna) skulu, er þeir framselja víxlana, teljast við framsalið undanþiggja sig ábyrgð á samþykki og greiðslu víxlanna sbr. 15. gr. víxillaga nr. 93/1933.
<i>Grein 11.6: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Löggjöf:</b> Um víxlana gilda meðal annars lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, víxillög nr. 93/1933, og lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti og jafnframtíð óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf auk annarra almennra reglna íslensks samninga- og kröfuréttar.
<i>Grein 11.7: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Fyrning:</b> Kröfur samkvæmt víxlunum fyrnast á tíu árum frá gjalddaga, nema hvað kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á fjórum árum, samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 140/2007 um fyrningu kröfuréttinda.
<i>Grein 11.8: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Skattamál:</b> Um skattalega meðferð víxlanna fer samkvæmt gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi mun ekki draga staðgreiðslu af vaxtatekjum víxlanna og ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Eigendur víxlanna bera sjálfir ábyrgð á staðgreiðslu fjármagnstekna sinna af víxlunum. Sá aðili sem varslar víxlana fyrir eiganda víxlanna annast útreikning og staðgreiðslu af vaxtatekjum víxlanna. Ekki er lagt stimpilgjald á víxlana við útgáfu þeirra.
<i>Grein 11.9: Á við í öllum tilfelliðum:</i>	<b>Ágreiningsmál:</b> Rísi dómsmál út af víxlum þessum, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

<i>Grein 11.10: Á við í öllum tilfellum:</i>	<b>Afsögn óþörf:</b> Útgefandi (sem útgefandi, samþykkjandi og greiðandi víxlanna) telst lýsa því yfir við útgáfu víxla þessara að víxilhofum skuli vera óskylt að láta afsegja víxla samkvæmt skilmálum þessum til að viðhalda fullnusturétti víxilhafa vegna greiðslufalls greiðanda, sbr. 46. gr. víxillaga nr. 93/1993.
--	---

### 3.1 Skilgreind hugtök í tengslum við víxlana

Eftirfarandi hugtakanotkun er notuð í lýsingu þessari:

<b>Bankadagur:</b>	Bankadagur er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
<b>Gjalddagi:</b>	Dagsetning sem tilgreind er í endanlegum skilmálum þegar greiða á víxilinn upp.
<b>Grunnlýsing:</b>	Grunnlýsing útgefanda dagsrett 2. júní 2021 ásamt síðari viðaukum og uppfærslum á henni vegna útgáfuramma útgefanda sem er að fjárhæð 2.000.000.000 kr.
<b>Kauphöllin:</b>	Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi.
<b>Nafnverðseining:</b>	Pær einingar sem víxilinn er gefinn út í og fram koma í endanlegum skilmálum.
<b>Nasdaq CSD:</b>	Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi, sem er verðbréfamiðstöð með starfsleyfi í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.
<b>Reikningsstofnun:</b>	Fjármálstofnun sem hefur gert aðildarsamning við verðbréfamiðstöð í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.
<b>Skipulegur verðbréfamarkaður:</b>	Markaðir með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir nr. 110/2007.
<b>Útgefandi, greiðandi og samþykkjandi:</b>	Síminn hf., kt. 460207-0880.
<b>Útgáfulýsing:</b>	Merkir sérhver víxlaútgáfa sem gefin er út samkvæmt 2.000.000.000 kr. útgáfuramma sem lýst er í Grunnlýsingu þessari og sem fyrirhugað er að skrá í kerfum Nasdaq Iceland hf.
<b>Verðbréfareikningur:</b>	Rafrænn eignareikningur í skilningi laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.
<b>Víxlar:</b>	Víxlar útgefni af Símanum hf. í samræmi við ákvæði útgáfurammans.
<b>Víxlaeigendur (víxilhafar):</b>	Eigendur víxlanna sem geta framvísað staðfestingu á eignarhaldi víxlanna.

## 4 FORM ENDANLEGRA SKILMÁLA

### Endanlegir skilmálar

*[Auðkenni víxlanna]*

víxla útgefinna af Símanum hf. í samræmi við 2.000.000.000 kr. útgáfuramma víxla

Útgáfuverð: [•] af heildarnafnverði

Útgáfudagur: [•]

*[Númer útgáfu]. útgáfa flokks*

(„víxlarnir“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. grein reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 2. júní 2021 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjöllum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 2.000.000.000 kr. útgáfuramma víxla Símans hf.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og víxlana með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dagsettri 2. júní 2021.

### Hluti I: Skilmálar víxlanna

#### 1 Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 1 gildir um víxlana.

Útgáfugjaldmiðill víxlana: [•]

Nafnverð útgáfu: [•]

Heildarheimild til útgáfu í flokki: [•]

Nafnverðseiningar: [•]

#### 2 Útgáfuform og greiðslufyrirkomulag

Grein 2 gildir um víxlana.

Verðbréfamiðstöð: *[Lögformlegt heiti, kennitala, heimilisfang og staður]*

#### 3 Staða

Grein 3 gildir um víxlana.

#### 4 Endurgreiðsla höfuðstóls

Grein 4 gildir um víxlana.

Gjalddagi: *[Dagsetning]*

## **5 Uppgreiðsluheimild**

Grein 5 gildir um víxlana.

## **6 Vextir**

Víxlarnir eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi (afföllum), sem nema [●]%. *Jafngilda afföllin [●]% einföldum vöxtum.* Grein 6.1 gildir um víxlana.

Dagaregla: *[Dagaregla tilgreind.]* Grein 6.2 gildir um víxlana.

## **7 Verðtrygging**

Grein 7 gildir um víxlana

## **8 Yfirlýsingar**

Grein 8 gildir um víxlana ásamt eftirfarandi greinum.

Staða: Grein 8.1 gildir um víxlana.

Lögformlegar skuldbindingar: Grein 8.2 gildir um víxlana.

Heimild: Grein 8.3 gildir um víxlana.

Hagsmunaárekstrar: Grein 8.4 gildir um víxlana.

Frádráttur óheimill: Grein 8.5 gildir um víxlana.

Engar vanefndir: Grein 8.6 gildir um víxlana.

## **9 Vanefndatilvik**

Grein 9 gildir um víxlana.

## **10 Tryggingar og ábyrgðir**

Grein 10.1 gildir um víxlana.

## **11 Önnur ákvæði**

Grein 11 gildir um víxlana ásamt eftirfarandi greinum.

Upplýsingaöflun: Grein 11.1 gildir um víxlana.

Vanskil: Grein 11.2 gildir um víxlana.

Réttthæð (pari passu): Grein 11.3 gildir um víxlana.

Hlunnindi: Grein 11.4 gildir um víxlana.

Framsal: Grein 11.5 gildir um víxlana.

Löggjöf: Grein 11.6 gildir um víxlana.

Fyrning: Grein 11.7 gildir um víxlana.

Skattamál: Grein 11.8 gildir um víxlana.

Ágreiningsmál: Grein 11.9 gildir um víxlana.

Afsögn: Grein 11.10 gildir um víxlana.

## Hluti II: Aðrar upplýsingar

<b>1.</b>	<b>Skráning og taka til viðskipta</b>	
	Skráning og taka til viðskipta:	[Stjórn útgefanda [hefur óskað / mun óska] eftir því að allir útgefnir víxlar í floknum [ISIN númer flokks] verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt.] / [Nei]
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	[dagsetning]
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	[•] [Á ekki við]
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	[Lögformlegt heiti ráðgjafa og hlutverk]
	Aðili sem sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi:	[Á ekki við/Arion banki hf., LEI nr. RIL4VPDB0M7Z3KXSF19, /annar aðili og þá sömu upplýsingar] (Sé sá sem býður út verðbréfin og/eða sækir um töku til viðskipta annar en útgefandi skal tilgreina hver hann er og LEI –númer hans ef hann er lögaðili)
<b>2.</b>	<b>Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfuna/útboðið</b>	
		[Að undanskildum kostnaði greiddum til [nafn söluaðila [og] umsjónaraðila] er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu víxlanna.] [Tilgreinið aðra hagsmuni sem skipta máli fyrir útgáfu og sölu víxlanna ásamt upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.]
<b>3.</b>	<b>Ástæður fyrir útboðinu, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósoluandvirði útboðsins</b>	
	Ástæða fyrir útboðinu:	[•]
	Áætlaður heildarkostnaður:	[•]
	Áætlað nettósoluandvirði:	[•]
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Upplýsingar um ávöxtunarkröfu:	[•]
<b>5.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
	Stjórn útgefanda hefur samþykkt útgáfuramma þann sem lýst er í grunnlysingu útgefanda dagsettri 2. júní 2021 og hefur samþykkt útgáfuáætlun sem gerir ráð fyrir [fjárhæðarmörk, tímaviðmið og önnur ákvæði gildandi útgáfuáætlunar tilgreind]. Víxlarnir hafa allir verið seldir og [eru að fullu greidd / er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann [•]].	

<b>6.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	ISIN númer:	[•]
	Auðkenni:	[•]
<b>7.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	

**Síminn hf.**

*[dagsetning]*

---

*[Nafn og titill þess sem undirritar]*

---

*[Nafn og titill þess sem undirritar]*

## 5 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

### 5.1 Starfsemi og skipulag

#### 5.1.1 Útgefandi

<i>Lögheiti</i>	Síminn hf.
<i>Viðskiptaheiti</i>	Síminn
<i>Kennitala</i>	460207-0880
<i>Stofndagur</i>	31. október 2006
<i>LEI</i>	254900X9GQZM6UGXYF10
<i>Lögform</i>	Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995
<i>Eigendur</i>	Hluthafar eru 907. Fjórir aðilar eiga beint eða óbeint 5% eða stærri eignarhlut í útgefanda en þeir eru: Stoðir hf., Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi – lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild.
<i>Heildarhlutafé</i>	7.540.000.000 hlutur, hver hlutur 1 króna að nafnverði
<i>Eigin hlutir</i>	50.359.967 hlutur, hver hlutur 1 króna að nafnverði
<i>Útistandandi hlutafé</i>	7.489.640.033 útgefinn hlutur, hver hlutur 1 króna að nafnverði
<i>Auðkenni hluta hjá Nasdaq CSD</i>	SIMINN
<i>ISIN númer hlutabréfa</i>	IS0000026193
<i>Höfuðstöðvar og lögheimili</i>	Ármúla 25, 108 Reykjavík, Ísland
<i>Heimasíða</i>	www.siminn.is <sup>1</sup>
<i>Tölvupóstfang</i>	fjarfestatengsl@siminn.is
<i>Símanúmer</i>	+354 800 7000
<i>Fjárhagsdagatal</i>	31. ágúst 2021 Afkoma 2F 2021 26. október 2021 Afkoma 3F 2021 22. febrúar 2022 Ársuppgjör 2021 17. mars 2022 Aðalfundur 2022

#### 5.1.2 Lagaumhverfi

Útgefandi er hlutafélag, skráð á Íslandi og starfrækt í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Um starfsemi útgefanda og dótturfélaga gilda ýmis sérlög og má þarf nefna lög um fjarskipti nr. 81/2003 og lög um fjölmöðla nr. 38/2011. Ýmis lög og reglugerðir varða starfsemina, meðal annars er varða samkeppni, persónuvernd, innheimtu, bókhald, ársreikninga og skatta, gjaldeyrislög og lög um verðbréfaviðskipti. Umfjöllun um áhættuþætti tengda því lagaumhverfi sem félagið starfar í er að finna í kafla 1.2.3 *Ytri áhættuþættir*.

#### 5.1.3 Meginstarfsemi

Tilgangur útgefanda, samkvæmt 3. grein samþykkta hans, er fjarskipta-, upplýsingataekni-, afþreyingarstarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa á sviði félagsins. Síminn hf. er móðurfélag í samstæðu útgefanda. Samstæðan veitir

<sup>1</sup> Upplýsingar á vefsetrinu eru ekki hluti grunnlýsingarinnar og Fjármálaeftirlitið sem lögbært yfirvald hefur hvorki athugað þær né staðfest

þjónustu í gegnum dótturfélög sem eru að fullu í eigu móðurfélags. Helsta rekstrarfélag samstæðunnar er Míla ehf..

Míla er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Hlutverk Mílu er að selja lausnir sínar til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi og felst sérhæfing Mílu meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarýmum og möstrum. Míla leggur mikla áherslu á stöðuga uppbyggingu fjarskiptakerfis síns, auk þess að setja á markað nýjar lausnir til að mæta þörfum markaðarins. Kerfi Mílu eru grunnur að fjölbættri fjarskiptajónustu um allt land. Nýlega hefur verið unnið markvisst að því að auka sjálfstæði Mílu innan samstæðu Símans, meðal annars með tilflutningi verkefna á sviði farsíma- og netrekstrar Símans og breytinga sem gerðar hafa verið á fjármögnun félagsins.

Síminn er stærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og starfar einkum á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni. Hlutverk Símans er að vera í fararbroddi á íslenskum fjarskiptamarkaði og veita viðskiptavinum heildstætt vöruframboð á sviði fjarskipta og tengdra geira eins og afþreyingar og upplýsingatækni, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða. Viðskiptavinir Símans eru um 125 þúsund talsins.

Síminn hefur markað sér stefnu sem byggir á framtíðarsýn félagsins, starfsfólks og stjórnenda. Það er stefna félagsins að Síminn sé leiðandi í stafrænum lausnum sem skapa ánægðustu viðskiptavinina 2022. Gildi Símans eru framsækni og einfaldleiki. Síminn hefur sett sér mælanleg markmið sem snúa að nokkrum meginþáttum starfseminnar; besti reksturinn, ánægðustu viðskiptavinirnir og varðandi stöðuga nýsköpun – umbreytingu og nýja tekjustrauma. Fylgst er með völdum mælikvörðum sem eru aðgengilegir á innra neti félagsins.

Þeir þjónustupættir sem eru í vöruframboði Símans eru:

- **Farsímaþjónusta:** Síminn býður upp á farsímaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja þar sem markmiðið er að bjóða upp á áskriftarleiðir og þjónustu sem hentar mismunandi þörfum viðskiptavina, svo sem lausnir fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki. Síminn býður upp á bæði fyrirframgreidda (frelsi) og eftirágreidda (áskrift) þjónustu yfir 2G, 3G og 4G net, ásamt því að veita þjónustu yfir gervihnattasamband. Í undirbúningi er innleiðing á 5G þjónustu í kjölfar tíðniúthlutunar PFS fyrr á þessu ári, en eins er Síminn með nokkur tilraunaverkefni á sviði IoT (e. Internet of Things) í gangi með fjölbreyttum samstarfsaðilum.
- **Talsímaþjónusta:** Síminn býður bæði upp á hefðbundna talsímaþjónustu sem nýtir talsímakerfið, VoIP (e. Voice Over Internet Protocol) talsímaþjónustu og símkefislausnir til fyrirtækja. Vinna er í gangi við útfösun á hefðbundna talsímakerfinu þar sem VoIP lausnir hafa verið að taka yfir en gert er ráð fyrir að útfösunin klárist á allra næstu árum.
- **Gagnaflutningsþjónusta:** Síminn býður upp á hefðbundna Internetþjónustu til einstaklinga- og fyrirtækja sem veitt er bæði yfir kopar- og ljósleiðara, gagnatengingar til fyrirtækja bæði til tengingar innanlands sem og millilanda, netöryggi og ýmsar aðrar virðisaukandi lausnir tengdar gagnaflutningi og upplýsingatækni.
- **Sjónvarpsþjónusta:** Síminn býður upp á hefðbundna sjónvarpsþjónustu þar sem viðskiptavinir geta fengið áskrift að sjónvarpsheimi Símans. Síminn rekur jafnframt sjónvarpsstöðvarnar Sjónvarp Símans, Síminn sport (sem sýnir beint frá leikjum í ensku úrvaldsdeild karla í fótbalta), efnisveituna Sjónvarp Símans Premium, leiguna, Síminn bíó ásamt því að bjóða upp á fjölda erlendra endurvarpsrása í áskrift. Síminn selur jafnframt auglýsingar á miðlunum, bæði í línulegri og ólínulegri dagskrá.

## **5.1.4 Ágrip af sögu**

Síminn er byggður á grunni Landssíma Íslands sem var stofnaður af íslenska ríkinu sama ár og símtæknin kom til landsins árið 1906 en íslenska ríkið hafði einkarétt á að eiga og reka almennt fjarskiptanet á Íslandi. Árið 2005 seldi ríkisstjórn Íslands 98,8% eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands til Skipta ehf.

Breytingar urðu á skipulagi Skipta árið 2013 þegar Skipti, Síminn hf., Míla ehf. og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér sátt. Markmið sáttarinnar var að tryggja jafnan aðgang að grunnkerfum fjarskipta á Íslandi. Með sáttinni tryggðu Skipti aðskilnað fjarskiptaneta samstæðunnar frá annarri starfsemi hennar og í henni felst stjórnunar- og rekstrarlegur aðskilnaður Mílu frá öðrum dótturfélögum innan samstæðunnar.

Árið 2014 var tilkynnt um sameiningu á rekstri Skipta hf. og Símans hf. undir nafni Símans og tók hún gildi árið 2015. Við sameininguna urðu Míla ehf. og Skjárin ehf. sem áður voru í eigu Skipta að dótturfélögum í eigu Símans. Sameiningin stuðlaði að sjálfstæði Mílu sem rekstraraðila grunnfjarskiptakerfis. Seinna sama ár tók Sensa, dótturfélag Símans, yfir eignir og þjónustustarfsemi Símans tengdri upplýsingatækni. Eftir sameininguna varð Sensa eitt öflugasta upplýsingafyrirteki landsins, en félagið tók yfir rekstur, þjónustu, vörumerki og sölu á upplýsingatæknilausnum sem áður voru hjá Símanum. Síminn seldi Sensa ehf. í apríl 2021 til alþjóðlega upplýsingataknifyrtækisins Crayon Group A.S. Þann 15. október 2015 voru allir hlutir í Símanum teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

## **5.1.5 Skipulag samstæðu og skipurit**

Starfsemi Símans fer fram í Símanum hf., sem er móðurfélag samstæðunnar, og tveim dótturfélögum þess Mílu ehf. og Radíómiðun ehf. Unnið hefur verið markvisst að því að auka sjálfstæði Mílu innan samstæðu Símans, meðal annars með tilflutningi verkefna og breytinganna sem gerðar hafa verið á fjármögnun félagsins. Mikil og ör þróun hefur átt sér stað síðustu misserin á samsetningu fjarskiptafélaga á alþjóðamörkuðum. Innlendir og erlendir fjárfestar sýna þannig aukinn áhuga á sérhæfingu í fjárfestingum, meðal annars með því að innviðaeignir séu aðskildar frá þjónustufélögum í smásölu. Fjárfestingabankinn Lazard Ltd. ásamt Íslandsbanka hf. hafa nú verið ráðnir til að ráðleggja um stefnumarkmið og framtíðarmöguleika Mílu. Valkostir er varða framtíðar eignarhald á Mílu verða kannaðir með það að augnamiði að hámarka verðmæti eigna Símans fyrir hluthafa og að tryggja að framtíðarþróun innviða samstæðunnar verði hagfellt fyrir íslenskan almenning. Ekki liggur fyrir til hvaða niðurstöðu þetta verkefni mun leiða en nánar verður upplýst um framvindu þess um leið og ástæða er til

Móðurfelagið á einnig dótturfélög Farsímagreiðslur ehf. og Sensa IT Aps A/S sem í dag er með óverulega starfsemi og fjögur dótturfélög sem eru óvirk og engin starfsemi er rekin þar. Öll dótturfélög eru að fullu í eigu móðurfélagsins. Síminn á einnig helmingseignarhlut í félaginu Nordisk Mobil Ísland ehf. en engin starfsemi er í félaginu í dag. Starfsmenn samstæðunnar í lok árs 2020 voru 597.

Tafla 5.1: Dótturfélög útgefanda

### **Dótturfélag**

Míla ehf., kt. 460207-1690.

Radíómiðun ehf., kt. 431006-1030.

Sensa IT Aps A/S.

Farsímagreiðslur ehf., kt. 471103-2250.

Landssími Íslands ehf., kt. 490698-2489 , óvirk félag.


Gaukshöfði ehf., kt. 490106-1890, óvirk félag.

Þraðir ehf., kt. 671006-1190, óvirk félag.

On-Waves S.á.r.l., óvirk félag.

Starfsemi Símans skiptist í þrjú svíð sem heyra undir forstjóra fyrirtækisins. Forstjóri og framkvæmdastjórar sviða mynda framkvæmdastjórn félagsins. Dótturfyrirtæki Símans njóta stuðnings stoðþjónustu Símans sem styður við starfsemi þeirra og gerir þeim kleift að einbeita sér að sinni kjarnastarfsemi. Þjónusta Símans við Mílu er í samræmi við ákvæði sáttar félaganna við Samkeppniseftirlitið. Skipurit félagsins má sjá á eftirfarandi mynd:

### 5.1.5.1 Mynd: Skipurit útgefanda



## 5.2 Stjórnarhættir, stjórн og stjórnendur

### 5.2.1 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir útgefanda eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum útgefanda sem og starfsreglum stjórnar svo og leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í maí 2015. Stjórн félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.

Stjórн félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Í samræmi við lög um hlutafélög, nr. 2/1995 er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Samkvæmt þeim skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Stjórн félagsins kýs sér formann og varaformann. Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda en er heimilt að veita forstjóra umboð til þess. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum. Formaður sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til stjórnarfunda í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórн funda eftir þörfum, þó ekki sjaldnar en níu sinnum á ári, en að jafnaði er miðað við að stjórnarfundir séu haldnir einu sinni í mánuði. Stjórnarfundi skal ætíð halda ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess eða telji forstjóri þess þörf. Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á fundum stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Stjórн félagsins ræður félaginu forstjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórн veitir prókúruumboð fyrir félagið. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrimælum sem stjórн félagsins gefur. Regluvörður félagsins er Eiríkur Hauksson sem skipaður er af stjórн.

Hjá Símanum starfa tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd en auk þess er starfandi tilnefningarnefnd hjá félaginu.

### 5.2.1.1 Endurskoðunar- og starfskjaranefnd

Núverandi endurskoðunarnefnd félagsins var skipuð af stjórн þann 11. mars 2021. Það er skoðun stjórnar að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja um óhæði nefndarmanna í endurskoðunarnefnd sé fullnægt. Þar er kveðið á um að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda og endurskoðunarfélagi félagsins og meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður útgefanda og daglegum stjórnendum hans. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem

bæði er óháður daglegum stjórnendum og féluginu, vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Allir nefndarmenn endurskoðunarnefndar eru óháðir endurskoðanda og endurskoðendum Símans.

Helstu verkefni endurskoðunarnefndar er að tryggja áreiðanleika fjármálaupplýsinga til hluthafa, hafa umsjón með innri endurskoðun félagsins og bókhaldskerfi, svo og að leggja mat á vinnu fjármálastjórnenda fyrirtækisins og kjörins endurskoðanda. Hlutverk nefndarinnar nær til þeirra verkefna sem kveðið er á um í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur nefndarmönum að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna stöfum sínum. Endurskoðunarnefnd er nú skipuð Sigurði Þórðarsyni, endurskoðanda og formanni nefndar, Bjarna Þorvarðarsyni, stjórnarmanni, og Sigrún Rögnu Ólafsdóttur, varafommanni stjórnar.

Núverandi starfskjaranefnd félagsins var skipuð af stjórn þann 11. mars 2021. Starfskjaranefnd skal skipuð allt að þremur aðilum og skulu hvorki forstjóri félagsins né aðrir æðstu stjórnendur þess og dótturfélaga eiga sæti í nefndinni.

Helstu verkefni starfskjaranefndar er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langa tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við stefnu starfskjaranefndar. Stefna starfskjaranefndar er að tryggja að féluginu sé jafnan kleift að laða til sín og halda í starfi hæfum stjórnendum. Í þessu skyni ber nefndinni að ráðfæra sig við ytri ráðgjafa um starfskjör í sambærilegum fyrirtækjum þegar þörf krefur. Hlutverk nefndarinnar er ætlað að ná til þeirra verkefna sem kveðið er á um í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Starfskjaranefnd er nú skipuð Jóni Sigurðssyni stjórnarformanni, sem jafnframt gegnir formennsku, Björk Viðarsdóttur, stjórnarmanni og Arnari Þór Mássyni, stjórnarmanni.

### **5.2.1.2 *Tilnefningarnefnd***

Hjá féluginu starfar tilnefningarnefnd í samræmi við ákvörðun hluthafafundar félagsins þann 28. nóvember 2018 og var núverandi tilnefningarnefnd kosin á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2021. Helstu verkefni tilnefningarnefndar er að huga að hagsmunum allra hluthafa og tilnefna frambjóðendur í stjórn félagsins. Tilnefningarnefnd fer yfir þekkingu og reynslu stjórnar sem heild og í framhaldi metur frambjóðendur út frá þekkingu og reynslu og hvort þeir geti sinnt skyldum sínum samkvæmt samþykktum félagsins, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, auk annarra laga og reglugerða sem gilda um félagid. Ekki er sjálfgefið að breyta þurfi samsetningu stjórnar á hverjum tíma en slíkt er háð aðstæðum hverju sinni, virkni núverandi stjórnar og vilja núverandi stjórnarmanna til áframhaldandi stjórnarsetu. Tilnefningarnefnd er nú skipuð Jensínu Kristínu Böðvarsdóttur, sem jafnframt gegnir formennsku, Steinunni Kristínu Þórðardóttur og Sverri Briem.

## 5.2.2 Stjórn og stjórnendur útgefanda

### Formaður stjórnar

Nafn	<b>Jón Sigurðsson</b>
Fæðingardagur	18. mars 1978.
Starfsstöð	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
Starf utan útgefanda	Forstjóri Stoða hf.
Stjórnarseta i öðrum félögum	Stjórnarformaður S121 ehf. og situr í stjórn Stoða hf. K190 hf., Sökkla eignarhaldsfélags ehf., Bjarg Invest ehf., GP Holding ehf., S380 ehf., Straumnes ehf., Straumnes eignarhaldsfélags ehf., Straumnes Ráðgjafar ehf., Square ehf., Port I ehf., Barone I ehf. og S120 ehf.
Fyrst kjörinn	21. nóvember 2019.

### Varaformaður stjórnar

Nafn	<b>Sigrún Ragna Ólafsdóttir</b>
Fæðingardagur	18. ágúst 1963.
Starfsstöð	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
Starf utan útgefanda	
Stjórnarseta i öðrum félögum	Stjórnarformaður Auðkennis ehf., og Stefnis hf., og situr í stjórn Reikningsstofu bankanna hf. og Ekin ehf.
Fyrst kjörin	11. mars 2021.

### Stjórnarmaður

Nafn	<b>Bjarni Þorvarðarson</b>
Fæðingardagur	22. desember 1966.
Starfsstöð	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
Starf utan útgefanda	
Stjórnarseta i öðrum félögum	Stjórnarformaður Coripharma ehf., Coripharma Holding hf., Matorku ehf., og Stakrar Gulrótar ehf., og situr í stjórn, Mílu ehf., Hafnarhrauns ehf., BKP Invest ehf., Inning ehf., og Sinnis ehf.,
Fyrst kjörinn	21. mars 2019.

### Stjórnarmaður

Nafn	<b>Arnar Pór Másson</b>
Fæðingardagur	15. ágúst 1971.
Starfsstöð	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
Starf utan útgefanda	Sjálfstætt starfandi ráðgjafi
Stjórnarseta i öðrum félögum	Stjórnarformaður Marel hf.
Fyrst kjörinn	11. mars 2021.

## **Stjórnarmaður**

<i>Nafn</i>	<b>Björk Viðarsdóttir</b>
<i>Fæðingardagur</i>	26. apríl 1978.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Starf utan útgefanda</i>	Framkvæmdastjóri tjónaþjónustu TM hf.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Björk situr ekki í stjórn annarra félaga.
<i>Fyrst kjörinn</i>	11. mars 2021.

## **Forstjóri**

<i>Nafn</i>	<b>Orri Hauksson</b>
<i>Fæðingardagur</i>	28. mars 1971.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Starfsreynsla</i>	Síminn hf., forstjóri frá 2013, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins 2010-2013, fjárfestingarstjóri Novator Partners LLC. 2007-2010, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans hf. 2003-2007, sölustjóri hjá Maskina Software Inc, Boston, 2002-2003, greinandi hjá Argnor Wireless Ventures, Stokkhólmi, 2001, aðstoðarmaður forsætisráðherra hjá forsætisráðuneytinu 1997-2000, sérfræðingur hjá Eimskipafélagi Íslands hf. 1995-1997.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Stjórnarformaður Isavia ohf. og situr í stjórn Gaukshöfða ehf., Landssíma Íslands ehf. og Frumorku ehf.

## **Framkvæmdastjóri þjónustu**

<i>Nafn</i>	<b>Erik Figueras Torras</b>
<i>Fæðingardagur</i>	29. júní 1967.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Starfsreynsla</i>	Framkvæmdastjóri hjá Símanum frá 2013, stofnandi og forstjóri Amivox ehf. 2007-2012, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar hjá TM Software ehf. 2004-2006, forstöðumaður Vöruþróunar Símans 1999-2003, vörustjóri hjá Philips í Frakklandi 1996-1998, vörustjóri hjá Siemens í Þýskalandi 1992-1995.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Erik situr ekki í stjórn annarra félaga.

## **Framkvæmdastjóri sölu**

<i>Nafn</i>	<b>Magnús Ragnarsson</b>
<i>Fæðingardagur</i>	16. maí 1963.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Starfsreynsla</i>	Framkvæmdastjóri hjá Símanum frá 2014, aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2013-2014, fjármögnun og þróun á viðskiptamódeli fyrir OTT-sjónvarpsdreifingu hjá OZ 2012-2013, framkvæmdastjóri reksturs og viðskiptaþróunar hjá Gogotic ehf. 2010-2012, stjórnarformaður Web & Circus AS 2009-2014, framkvæmdastjóri Latabæjar 2007-2008, sjónvarpsstjóri Skjár miðlar 2004-2007, framkvæmdastjóri hjá Pegasus 2002-2003, fastráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu 1993-2000, tæknideild Metropolitan Opera NYC 1991-1993, aðstoðarmaður leikstjóra og danshöfundar hjá Jerome Robbins 1986-1991.
<i>Stjórnarseta í öðrum félögum</i>	Stjórnarformaður Listaháskóla Íslands og WOW-Sport og situr í stjórn KOM ráðgjafar - kynningar ehf og Atburðar ehf.

## Framkvæmdastjóri fjármála

<i>Nafn</i>	<b>Óskar Hauksson</b>
<i>Fæðingardagur</i>	8. mars 1973.
<i>Starfsstöð</i>	Síminn, Ármúli 25, 108 Reykjavík.
<i>Starfsreynsla</i>	Fjármálastjóri Símans frá 2011, gegndi tímabundið stöðu forstjóra Skipta á árinu 2013, forstöðumaður fjárvýringar 2009-2011, starfsmaður í áætlana- og greiningardeild Skipta 2005-2009, skuldabréfamiðlari hjá Landsbanka Íslands hf. 2003-2004, verðbréfamiðlari hjá Bear Stearns 2001-2003, forstöðumaður fjárvýringar SPRON 1997-2001.
<i>Stjórnarseta i öðrum félögum</i>	Stjórnarformaður Þráða ehf.

Engir hagsmunárekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fyrir útgefanda annars vegar og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa hins vegar.

## 5.3 Hluthafar og hlutafé

### 5.3.1 Hluthafar

Í hlutaskrá útgefanda eru skráðir 999 aðilar þann 30. maí 2021.

Hluthafi	Tegund fjárfestis	Fjöldi hluta	Hlutfallsleg eign
Stoðir hf.	Fjárfestingafélag	1.162.220.631	15,41%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Lífeyrissjóður	991.007.927	13,14%
Gildi - lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	710.042.195	9,42%
Lífeyrissj.star fsm.rík. A-deild	Lífeyrissjóður	705.250.000	9,35%
Íslandsbanki hf.	Fjármálfyrirtæki	424.594.373	5,63%
Birta lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	309.047.263	4,10%
Stapi lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	300.051.432	3,98%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	Lífeyrissjóður	258.048.466	3,42%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Lífeyrissjóður	251.575.320	3,34%
Lífeyrissj.star fsm.rík. B-deild	Lífeyrissjóður	191.919.000	2,55%
<b>10 stærstu samtals</b>		<b>5.303.756.607</b>	<b>70,34%</b>
Fjárlaflýfingarinn	Fjármálfyrirtæki	170.052.796	2,26%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	Tryggingarfélag	135.230.913	1,79%
Festa - lífeyrissjóður	Fjármálfyrirtæki	133.285.814	1,77%
Arion banki hf.	Fjármálfyrirtæki	132.642.444	1,76%
Lífeyrissjóður starfsm Rvborgar	Lífeyrissjóður	111.722.465	1,48%
Vátryggingarfélag Íslands hf.	Tryggingarfélag	108.836.823	1,44%
Lífsverk lífeyrissjóður	Lífeyrissjóður	90.653.141	1,20%
Kvika banki hf.	Fjármálfyrirtæki	88.793.231	1,18%
Almenni lífeyrissjóðurinn	Lífeyrissjóður	77.796.218	1,03%
Akta Stokkur	Fjárfestingarsjóður	67.486.148	0,90%
<b>20 stærstu samtals</b>		<b>6.420.256.600</b>	<b>85,15%</b>
Aðrir hluthafar samtals		1.119.743.400	14,85%
<i>Par af Síminn hf.</i>	<i>Eigin hlutir</i>	<i>50.359.967</i>	<i>0,67%</i>
<b>Útgefni hlutir samtals</b>		<b>7.540.000.000</b>	<b>100,00%</b>
<b>Útistandandi hlutir samtals</b>		<b>7.489.640.033</b>	<b>99,33%</b>

Stærsti hluthafi útgefanda er Stoðir hf. sem fer með 15,41% eignarhlut. Annar stærsti hluthafi útgefanda er Lífeyrissjóður verzlunarmanna með 13,14% eignarhlut. Þriðji stærsti hluthafi útgefanda er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (einnig „LSR“) A-deild með 9,35% og B-deild með 2,55%, samtals 11,9%. Fjórði stærsti hluthafi útgefanda er Gildi – lífeyrissjóður með 9,42% eignarhlut.

Aðrir hluthafar samanstanda af lífeyrissjóðum, verðbréfajóðum, eignarhaldsfélögum, fjárfestingarfélögum og einstaklingum. Þessir hluthafar fara með undir 5% beinan hlut í útgefanda sem eru neðstu mörk flöggunarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti.

Útgefanda er ekki kunnugt um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Útgefanda er ekki kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í útgefanda. Hagsmunir minnihluta eigenda eru varðir samkvæmt ákvæðum samþykkta útgefanda og laga nr. 2/1995 um hlutafélög, auk ákvæða X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti frá þeim tíma sem hlutabréf eru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Bent er á að hlutabréf í útgefanda hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði Nasdaq Iceland og að eignarhald hans getur því breyst hratt og án fyrirvara.

### 5.3.2 Hlutafé

Útgefið hlutafé Símans hf. nemur 7.540.000.000 krónum, sem skiptist í jafn marga hluti, sem hver er að nafnverði ein króna og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í félaginu. Allir útgefni hlutir hafa þegar verið greiddir og tilheyra þeir sama flokki og eru þeir jafn réttiháir. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum hans á hverjum tíma. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda.

Aðalfundur Símans hf. þann 11. mars 2021 heimilaði stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar á næstu 18 mánuðum hlutabréf í féluginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 754.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í féluginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun.

## **5.4 Próun og horfur**

### **5.4.1 Próun og horfur í rekstri á yfirstandandi ári**

Engar mikilvægar breytingar hafa orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu Símans frá dagsetningu síðustu reikningsskila félagsins þann 31. mars 2021.

Áhrif COVID-19 heimsfaraldursins hefur haft lítil rekstraráhrif á félagið enn sem komið er. Fjárhagsstaða útgefanda, traust staða handbærs fjár og samsetning þjónustu- og vöruframboðs gerir félagið vel í stakk búið til að takast á við tímabundnar sveiflur.

EKKI hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhofum Símans frá endurskoðuðum ársreikningi félagsins fyrir árið 2020, sem birtur var þann 18. febrúar 2021.

## 6 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi, dagsett 2. júní 2021, telst vera grunnlýsing í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsingin inniheldur þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fjárfestum til að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja þeim víxnum, sem gefa má út í samræmi við útgáfuramma þann er lýst er í grunnlýsingunni, á þeim degi sem hún er dagsett. Leitast hefur verið við að setja upplýsingarnar fram á skyran og greinargóðan hátt.

Samkvæmt útgáfurammanum getur Síminn hf. gefið út víxla fyrir allt að 2 ma.kr. að því gefnu að fyrir liggi gild eða uppfærð grunnlýsing. Þessi grunnlýsing gildir í allt að 12 mánuði frá dagsetningu hennar. Upplýsingar um nafnvirði, vexti, ávöxtun og ákveðnar aðrar upplýsingar sem eiga við um þá víxla sem gefa skal út á hverjum tíma í samræmi við skilmála útgáfurammans líkt og skilgreint er í kafla *3 Skilmálar víxlanna*, og *4 Form endanlegra skilmála* verða tilgreindar í endanlegum skilmálum. Ef sótt verður um töku víxlanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland verða endanlegu skilmálarnir skráðir og birtir á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og vefsíðu útgefandans, <https://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar>.

Grunnlýsing þessi varðar víxla útgefna af Símanum hf. sem gefa má út í samræmi við útgáfurammann vegna umsóknar um að þeir verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og/eða vegna lokaðs útboðs á þeim. Grunnlýsing þessi varðar því víxla sem tilgreindir verða í viðeigandi endanlegum skilmálum grunnlýsingarinnar.

Framangreint fer fram í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfaviðskipti, samanber lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, eftir því sem við á og í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Grunnlýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum samkvæmt viðaukum 7, 15 og 28 við fylgiskjal við framselta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/980. Grunnlýsingin er einnig útbúin með hliðsjón af reglum kaupphallar um töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (*Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga*), eins og þær eru á hverjum tíma, í samræmi við lög nr. 110/2007 um kauphallir. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið), sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 hefur staðfest grunnlýsinguna sem dagsett er 2. júní 2021. Fjármálaeftirlitið staðfestir einungis grunnlýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129, og ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem grunnlýsingin varðar né sem staðfestingu á gæðum verðbréfanna sem grunnlýsingin varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfunum. Grunnlýsingin er dagsett 2. júní 2021 og hana má nálgast á vef útgefanda, [www.siminn.is/um-simann/fjarfestar](http://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar).

Fjárfesting í víxnum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim víxnum sem grunnlýsing þessi varðar þá eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel grunnlýsinguna en nálgast má hana á vef félagsins [www.siminn.is/um-simann/fjarfestar](http://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar). Er fjárfestum ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti.

Eftir birtingu grunnlýsingar er fjárfestum ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af Símanum eða varða félagið og viðkomandi víxla. Upplýsingar í grunnlýsingu þessari eru byggðar á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem hún er dagsett og geta breyst frá því að skjölín eru staðfest og þar til fyrirhuguð viðskipti geta hafist með þá víxla, sem tilgreindir eru í viðeigandi endanlegum skilmálum, á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Gefinn skal út viðauki við grunnlýsingu ef nauðsynlegt þykir í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2017/1129, sbr. ákvæði laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Viðaukinn skal innihalda uppfærðar upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem boðin eru í lokuðu útboði og/eða ætlunin er að taka til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Grunnlýsingu þessa má ekki undir neinum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, seljanda, umsjónaraðila útboðs, söluaðila, umsjónaraðila með töku til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á víxnum er í eðli sínu áhættufjárfesting. Fjárfesting í víxnum, sem gefin eru út af Símanum, eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru minntir á að þeir verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í víxnum útgefnum af Símanum og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á fjármálagerningum sem fjárfestingarkost. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á víxnum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Grunnlýsingu þessa skal hvorki senda í pósti né dreifa á annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótarskráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur eða ef slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Grunnlýsingu þessari skal þannig meðal annars ekki dreifa á neinn

hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Útgefandi, seljandi eða umsjónaraðili eru ekki ábyrgir vegna dreifingar til þriðja aðila á lýsingunni sem fram fer í trússí við ofangreindar dreifingartakmarkanir.

Hlutabréf útgefin af Símanum hf. hafa verið í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland frá október 2015 og hefur félagið frá þeim tíma haft ákveðna upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum, samanber lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, birt tilkynningar opinberlega og lítið reglum Nasdaq Iceland. Núgildandi *Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga*, útgefnar af Nasdaq Iceland þann 1. maí 2020, kveða meðal annars á um opinbera birtingu allra fjárhagsupplýsinga í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sem gilda um félagið á hverjum tíma og að upplýsingar um ákvárdanir eða aðrar forsendur og aðstæður sem ástæða er til að ætla að geti haft marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfanna beri að birta eins fljótt og unnt er. Opinber birting telst vera þegar upplýsingar hafa verið birtar almenningu á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, í samræmi við lög nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, auk þess sem þær skulu sendar til Nasdaq Iceland í eftirlitsskyni í samræmi við reglur Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga. Á meðan fjármálagerningar útgefnir af Símanum hf. eru til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni [www.síminn.is/um-simann/fjarfestar](http://www.síminn.is/um-simann/fjarfestar).

## 6.1 Skilgreiningar og tilvísanir

Vísun til „útgefanda“ eða „móðurfélagsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Símans“ eða „félagsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til útgefanda og dótturfélaga hans, eins eða fleiri, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „samstæðu“ skal túlka sem tilvísun til útgefanda og allra dótturfélaga hans saman. Síminn hf. er lögformlegt heiti útgefandans og viðskiptaheiti.

Vísun til „víxlanna“ eða „víxlaflokkssins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til víxla sem gefnir eru út í samræmi við ákvæði útgáfurammans sem lýst er í grunnlýsingunni.

Vísun til „útgáfurammans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til 2 ma.kr. útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari.

Vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kennitala 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Nasdaq Iceland“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Kauphallar Íslands hf., kennitala 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Aðalmarkaðar“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til Aðalmarkaðar Nasdaq Iceland sem er skipulegur verðbréfamarkaður nema annað megi skilja af samhengi textans.

Vísun til „Alþjóðlegra reikningsskilastaðla“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til International Financial Reporting (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu sbr. reglugerð Evrópupingsins og ráðsins nr. 1606/2002.

Hugtakið „króna“ eða skammstöfunina „kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til gjaldmiðilsins íslenskrar krónu. Skammstöfunina „m.kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljóna króna. Skammstöfunina „ma.kr.“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til milljarða króna.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í grunnlýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða með áorðnum breytingum.

Í grunnlýsingu þessari skulu skilgreind orð í eintölu jafnframt taka til fleirtölumyndar orðsins, og öfugt. Einnig skulu orð tilgreind án greinis jafnframt taka til orðanna með greini, og öfugt.

## 6.2 Gildistími og aðgengi að lýsingu

Gildistími grunnlýsingar þessarar er allt að 12 mánuðir frá staðfestingu hennar.

Aðgengi að grunnlýsingu þessari verður tryggt í 10 ár frá staðfestingu lýsingar. Það verður gert með birtingu á vef félagsins, á slóðinni [www.síminn.is/um-simann/fjarfestar](http://www.síminn.is/um-simann/fjarfestar).

### **6.3 Gögn felld inn með tilvísun**

Eftirfarandi gögn eru feld inn með tilvísun í grunnlysingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af grunnlysingu þessari og tiltekin sem gögn feld inn með tilvísun:

- Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Símans hf. fyrir fjárhagsárið 2019 sem lauk 31. desember 2019, sem finna má á eftirfarandi vefsíðó: [https://assets-global.website-files.com/5b166d1e29d11e18b5b907b4/5ea99701ecdbeafb9369fae0\\_Reikningar2019Arsuppgjor.pdf](https://assets-global.website-files.com/5b166d1e29d11e18b5b907b4/5ea99701ecdbeafb9369fae0_Reikningar2019Arsuppgjor.pdf)
  - Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Símans hf. fyrir fjárhagsárið 2020 sem lauk 31. desember 2020, sem finna má á eftirfarandi vefsíðó:  
<https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=1005424&lang=is>
  - Óendurskoðaður árshlutareikningur samstæðu Símans fyrir tímabilið 1. janúar – 31. mars 2021<sup>2</sup>, sem finna má á eftirfarandi vefsíðó:  
<https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=bd1fb5a42cb8c435e1aab172541ae9fcf&lang=is>
  - Tilkynning í Kauphöll um viðburðaráikan ársfjórðung, sem finna má á eftirfarandi vefsíðó:  
<http://www.globenewswire.com/news-release/2021/04/27/2217947/0/is/S%C3%ADminn-hf-Vi%C3%BDbur%C3%B0ar%C3%83ar%C3%83ADkur-%C3%A1rsfj%C3%93B3r%C3%83B0ungur.html>

## 6.4 Skjöl til sýnis

Meðan grunnlysingin er í gildi er heimilt að skoða skjöl sem vísað er til sem skjöl til sýnis en slíkt aðgengi er veitt með birtingu skjalanna á vefsíðu útgefandans, <https://www.siminn.is/um-simann/fjarfestar>:

- Allir endanlegir skilmálar víxla sem gefnir verða út á grundvelli útgáfuramma félagsins.
  - Allar útgáfulýsingar víxla sem gefnir verða út í samræmi við skilmála grunnlýsingarinnar.
  - Samþykktir Símans hf. dagsettar 12. mars 2021.

## 6.5 Ráðgjafar

Fyrirtækjaráðgjöf fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf., kennitala 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík hefur umsjón með því ferli að fá grunnlýsingu þessa staðfesta hjá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækjaráðgjöf fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs Arion banka hf. hefur unnið að gerð grunnlýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórн útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda. Grunnlýsingin er meðal annars byggð á óendurskoðuðum árshlutareikningi fyrir tímabilið 1.1.-31.3.2021 og endurskoðuðum ársreikningum fyrir fjárhagsárin 2019 og 2020.

## 6.6 Endurskoðendur útgefandans

Endurskoðendur Símans hf. á því tímabili sem sögulegar fjárhagsþýsingar taka til í grunnlýsingu þessari voru KPMG ehf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, og fyrir þeirra hönd Árni Claessen, kt. 261174-3919, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í Félagi löggiltira endurskoðenda.

KPMG hefur endurskoðað samstæðuársreikninga Símans hf. fyrir árin 2019 og 2020. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Vegna endurskoðunar samstæðuársreikninga Símans hf. fyrir árin 2019 og 2020 var það álit KPMG ehf. að samstæðuársreikningarnir gæfu glöggja mynd af afkomu samstæðunnar á viðkomandi ári, afkomu hennar í lok árs og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Áritun ársreikninganna 2019 og 2020 var án fyrirvara.

<sup>2</sup> Árshlutareikningur er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsstaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á á tímabilinu 1.1.2021 - 31.3.2021, eignum og skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31.3.2021 og breytingu á handbæru fó á tímabilinu 1.1.2021 - 31.3.2021.

## **6.7 Yfirlýsing ábyrgðaraðila grunnlýsingar fyrir hönd útgefanda**

Formaður stjórnar og forstjóri Símans hf., kennitala 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Símans hf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 2. júní 2021

Fyrir hönd Símans hf.

---

*Jón Sigurðsson*

stjórnarformaður

---

*Orri Hauksson*

forstjóri

